VOLTAIC ELECTRIC INSOLES

Þægilegir og heilnæmir, varna kulda og kvefi; lækna gigtarþrautir, halda fótunum mátulega heitum, bæði sumar og vetur og örfa blóðrásina. Allir ættu að hafa þá.

Verð fyrir beztu tegund 50 cent parið Skýrið frá því hvaða stærð þér þurfið.

PEOPLE'S SPECIALTIES CO., LTD.
P.O. Box 1836 Dept. 23 Winnipeg

Voröld

HEY! HEY!

Sendið heyið ykkar til íslenzku heykaupmannanna, og fáið hæðsta verð, einnig fljóta afgreiðslu. Peningar lánaðir á "kör" send beint til okkar.

Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða.

THE NORTHERN HAY CO.
408 Chambers of Commerce
Talsími G. 2209. Nætur talsími S. 3247
Winnipeg, - Man.

1. ÁRGANGUR WINNIPEG, MANITOBA, 1. OKTÓBER, 1918. NÚMER 34.

FRELSI ÍSLENDINGA Í VEDI!

Auðvald og önnur völd gera tilraun til þess að hefta málfrelsi þeirra.

MALSÓKN GEGN VORÖLD

Nú ríður á að allir sannir synir og allar trúar dætur hinna fornu Íslendinga standi saman og segi eins og forðum: "Vér mótmælum allir".

Nú verður að nota tækifærið til þess að sameina sig gegn árásum. Voröld er rödd fólksins, eign fólksins, vernd fólksins, sameiginlegt barn Íslendinga hér í landi. Tilraun til þess að hindra frelsi Voraldar er tilraun til þess að hindra frelsi Íslendinga.

Bændur! Þér eigið Voröld; ólíklegt að þér látið viðgangast þegjandi og hljóðalaust að hún sé hindruð af fasteignamönnum og öðru auðvaldi.

Styrkið hana nú eftir mætti því eftir því sem hún er sterkari þolir hún betur allar árásir.

Konur og stúlkur! Ritstjóri Voraldar hefir talað máli yðar síðastliðin aldarfjórðung. Nú er hafin barátta af hendi þeirra sem verið hafa í móti frelsi yðar; þeir reyna nú að hnekkja Voröld; minnist þess allar hver hefir verið með yður og hver á móti. Yðar styrkur má sín mikils.

Feður og mæður! Minnist þess að ritstjóri Voraldar hefir opnað börnum yðar heim heilbrigðra blaða og við þeirra hæfi með Sólskini og Sólöld. Nú er reynt að koma þeirri stofnun fyrir kattarnef sem það verk hefir með höndum. Látið sjá að yður sé ant um börnin yðar og takið nú saman höndum til varnar gegn þeirri árás sem hafin er á þessa stofnun.

Þér sem fé hafa lagt í Voröld og Hecla Press, Ltd., leggið nú fram í viðbót það sem yður er mögulegt; framtíðin sýnir og sannar að hér er til mikils að vinna, það er lífsspursmál íslenzku sjálfstæði. Þér sem enn hafið ekki lagt fram fé til Hecla Press, Ltd. eða Voraldar, notið nú tækifærið til þess að veita þeim aðstoð.

Voröld og Sólöld eru byrjun að nýju sjálfstæðis tímabili í sögu Vestur Íslendinga; látið það tímabil byrja sem glæsilegast og afreka sem mestu.

Myndið eitt allsherjar starfandi samband um allar Íslendinga bygðir, sem vinni fyrir útbreiðslu Voraldar og Sólaldar og eflingu nýju prentsmiðjunnar. Ef allir sem þegar hafa lagt fé til þessarar stofnunar legðu nú fram í viðbót $10.00, þá yrði það um $10,000, og ef enn þá bættust 1,000 kaupendur við hvort blaðið, Voröld og Sólöld yrðu það $3,000, þá gæti prentsmiðjan orðið fullkomin og skuldlaus með öllu.

Munið við hvaða ofurefli er að etja. Sameining alls frjálslynds fólks er lífsskilyrði. En þá getur ekkert unnið á.

Eins og lesendur Voraldar vita hefir staðið yfir deila milli hennar og Lögbergs að undanförnu. Sú deila hófst út af því að Goodtemplara stúkurnar sendu bréf á kirkjuþing í sumar með tilmælum um það að samvinna yrði milli hinna ýmsu kirkjudeilda á viðhaldi íslenzkrar tungu. Bréfið var hógvært og laust við allan flokks anda. Nokkrir menn á kirkjuþinginu komu því þó. til leiðar að bréfinu var ekki sint í bráð. Var því kurteislega svarað af ritara kirkjuþingsins, séra Friðrik Hallgrímssyni.

En vegna þess að Voröld taldi óheppilega meðferð bréfsins stökk J. Bildfell upp á nef sér í Lögbergi og hefir víst ætlað að sýna einhverja yfirburða ritstjóra hæfileika með því að hefja deilur. Hann vænir þar ritstjóra Voraldar um illan tilgang og uppreistar anda þótt sannleikurinn væri sá að vér vorum ekki á fundi í Goodtemplarfélaginu þegar málið var afgreitt frá stúku vorri, og áttum engan þátt í upptökum þess eins og Goodtemplara félagið hefir þegar skýrt. Aðeins vorum vér kosnir í nefnd til þess með öðrum að breyta orðalagi bréfsins og urðum samkvæmt reglum félagsins að skrifa undir það sem æðsti templar.

Sannleikurinn er sá að stofnanda kirkjufélagsins, séra Jóni Bjarnasyni var ant um viðhald íslenzkrar tungu hér og þeirri stefnu fylgir kirkjufélagsfólkið yfir höfuð þótt fáeinir menn stefni í aðra átt. Oss þótti það undarlegt þegar Jón Bildfell hljóp upp á nef sér með alls konar aðdróttunum út úr þessu máli. Vér töldum það víst að hann mundi í því verða fús til samvinnu þótt stjórnmálin hefðu haft á honum endaskifti.

En nú skiljum vér hvernig í öllu liggur. Hann varr nýlega ordinn ritstjóri og hefir viljað láti til sín taka. Hann er stórhuga maður og þykir básinn þröngur fyrir ritstjórnarfrægð sína meðal Íslendinga einna, þess vegna var það meira í munni að láta ensku þjóðina vita af þessari upphefð—láta all þjóðina heyra til sín í ritstjóra sætinu. Og byggasta aðferðin var sú að hefja málsóknir og koma fram í allri sinni dýrð fyrir enskum dómstólum með kviðdómum og alls konar viðhöfn.

Auðvitað hefir það hingað til verið siður íslenzku ritstjóranna að ræða mál sín og halda þeim fram dómstóla laust. Þeir hafa flestir verið svo glámskygnir að þeir hafa ekki séð það hvílíkan heiður það gerir íslenzku þjóðinni að koma með ágreiningsmál sín fyrir dómstólana.

En nýir tímar koma með nýjum mönnum og nýjar stefnur með nýjum tímum. Jón Bildfell ætlar sér ekki að láta söguna bera sér þann vitnisburð að hann hafi verið eins og hinir ritstjóra ræflarnir að takmarka sér deilumál vor meðal Íslendinga einna saman.

Fyrst byrjar hann því deilur um þjóðernis málið og höfðar síðan mál út af því að honum er svarað. Hefir líklega álitið að jafn hágöfug persóna og hann er væri upp yfir það hafin að staðið væri uppi í hárnu á henni ea hann hefir hugsað eins og kerlingin sagði, að allir ættu að þegja á meðan þeir töluðu við hana.

Jón Bildfell hefir lýst því yfir hvað eftir annað að hvorki mætti eyða tíma, samvinnu né fé til neins annars en stríðsmálanna. En á sama tíma fer þessi sami maður út í máls sóknir sem bæði kosta mikið fé, mikinn tíma og afreka líklega ekki mikil sameiningar kraftaverk.

Hann hafði ekki tíma til þess að sinna viðhaldi íslenzkrar tungu, hann var svo önnum kafin í "stríðinu," en hann hefir tíma til þess að útbúa stefnur og málaferli og sitja ef til vill dögunum saman inn í réttarsal. Hann taldi það skyldu að leggja alt fé sem hægt væri til stríðsins en er samt til þess búinn að eyða fé til þess hágöfga starfs að halda sýningu á deilugreinum íslenzku blaðanna frammi fyrir ensku þjóðinni hér í landi.

En Jóni er velkomið að sigla þennan sjó sem hann hefir valið, og má hann sjálfum sér um kenna ef gefa kann á bátinn stöku sinnum. Vér erum reiðubúnir að mæta honum fyrir rétti og hann má eiga það víst að þótt vér hefðum aldrei látið oss detta í hug að fara í málaferli við Jón Bildfell eða nokkurn annan að fyrra bragði þá erum vér reiðubúnir í hvað sem er og munum gjalda honum á líkan hátt. "Í sama mæli sem þér mælið öðrum mun yður einnig mælt verða."

Vér vitum það að þótt vér verðum að láta Lögberg gjalda núverandi ritstjóra og lögsækja það með honum eins og hann hefir farið að við oss þá er það ekki með vilja og samþykki hinna betri manna er að Lögbergi standa að hafin séu málaferli vor á meðal.

Leikurinn er auðsjáanlega gerður í því skyni að reyna að kippa fótum undan Voröld, reyna að stiga á hálsinn á ritfrelsi vor á meðal, reyna að bæla niður allar frjálsar stefnur meðal Íslendinga. Margar tilraunir voru gerðar til þess að hnekkja fyrirtækinu í byrjun; þær mishepnuðust allar; Jón Bildfell heldur það líklega eins og sumir aðrir sem yfir efni hafa komist að einungis ríkismenna stefnurnar hafi nokkurn rétt á sér, hinar eigi að kveðast niður helzt að fá feldan yfir þeim einhvern "stóra dóm," til þess að þær séu úr sögunni með öllu, og þeir geti sjálfir verið einir um hituna.

Jón Bildfell veit það að ritstjóri Voraldar er ekki ríkur maður; hann veit það líka að fáir hinna gömlu fjármála braskara standa að útgáfu hennar; hann heldur því sjálfsagt að heillaráð sé að reyna að fá hana dæmda í sektir, hún muni ekki geta borgað þær og verði því að gefast upp og deyja og andláts orð hennar verði fyrirgefningar bæn til hans. Haldið þið ekki að hann yrði þá á báðum buxunum; það yrði heldur en ekki rembingur og rikkir og hátíðlegheit og hóstar og upplit þegar hann flytti líkræðuna yfir henni Voröld litlu. En það lifir lengst sem "hjúum" (vinnumönnum) er leiðast og svo getur orðið með Voröld þótt ung sé enn og ekki rík.

Jón Bildfell hefir alls ekki tekið það með í reikninginn að allur fjöldi allra Vestur-Íslendinga er með öllu fráhverfur stefnu hans og fylgjandi stefnu Voraldar; hann hefir ekki tekið það með í reikninginn að Voröld hefir að baki sér styrk allrar íslenzkrar alþýðu– hún er fólksins blað, stofnuð af fólkinu og fyrir fólkið. Alþýða manna gerir sér glögga grein fyrir því að með Voröld stendur og fellur ritfrelsi vor á meðal; með henni stendur og fellur íslenzkt sjálfstæði hér vestra; sú stefna að fáeinir auðmenn og fasteignasalar eigi að ráða og ríkja í öllum efnum sér höndina rita dauðadóm sinn og hún grípur til óindisurræðis í dauðateygjunum. Voröld á að hjálpa til þess að ausa þá stefnu moldum með aðstoð þeirra manna sem bera fyrir brjósti hag fjöldans. Þess vegna hefir verið unnið á móti Voröld ljóst og leynt á fleiri vegu en menn hafa alment hugmynd um.

Til þess að sýna hversu langt er gengið í þessu stríði gegn Voröld skal geta þess að reynt hefir verið að koma stjórninni til þess að hefja mál á hendur félaginu fyrir það að selja hluti ólöglega eftir að félagið hefir fengið gilda stofnskrá, sem hér er birt:

J. A. M. AIKINS,
fylkisstjóri.

(insigli.)

THOMAS H. JOHNSON,
dómsmálastjóri.
CANADA,

MANITOBA FYLKI.

George hinn fimti af guðs náð konungur hins sameinaða konungdóms Stór Bretalands og Irlands og hinna brezku nýlendna fyrir handan höf, verndari trúarinnar, stjórnandi Indlands.

Til allra er þetta varðar.—Heilsan!

Með því að fylkistsjórin á stjórnarfundi getur samkvæmt fylkislögum með bréfi innsigluðu hinu mikla innsigli fylkisins veitt stofnskrá félags hverri tölu manna sem eru þó ekki færri en fimm—sem sækja um það og gert þá menn og aðra sem verða kunna hluthafar í slíku félagi löggilt félag í þjóðfélaginu með hvaða tilgangi eða stefnu sem er sem viðkomandi þingvald nær til, nema til þess að byggja og stjórna járnbrautum og stofna ábyrgðarfélög eða fjárráðafélög ómyndugra eða tryggingarfélög.

Og með því að þeir sem hér eru nefndir hafa sótt um stofnskrá fyrir sína hönd, er löggildi þá sem félag til þess að framkvæma það sem hér er á eftir skýrt.

Og með því að fylkisstjóri á nefndarfundi hefir fengið nægar sannanir fyrir því að nefndir einstaklingar hafa fullnægt skilyrðum sem til þess þarf að fá slíka stofnskrá og að sagt starf er í samræmi sagðra laga.

Því skal yður það hér með kunngjört að með og samkvæmt ráði framkvæmdarnefndar Manitoba fylkis og samkvæmt heimild gefinni í lögum sem hér eru tilgreind og hverri annari heimild, sem vér höfum í þessu efni, löggildum vér hér með félag þeirra manna með þessu bréfi sem hér eru á eftir nafngreindir:

Arngrímur Johnson, bókhaldari.
Gunnlaugur Jóhannsson, verzlunarmaður.
Hjálmar Gíslason, bóksali.
Sofonías Thorkelsson, sögunarmaður.

allir til heimilis í borginni Winnipeg í Manitoba fylki, og Halldór J. Eastman, bónda að Riverton, í Mantoba fylki. Og allir og sérhver slíkra einstaklinga eða annar eða aðrir einstaklingar sem nú eru eða munu einhvern tíma hér eftir verða hluthafar í sögðu félagi, samkvæmt ákvæðum laganna og aukalaga nefnds félags, samkvæmt valdi þess, og eftirmenn þeirra sem löggilt félag með stöðugu áframhaldi og sameiginlegu innsigli með og undir nafninu "**The Hecla Press Company, Limited,**" og með valdi til þess að framkvæma tafarlaust öll störf göggilts félags með heimild og hlunnindum og skyldum, fyrirmælum og takmörkunum sem til eru greind í sögðum lögum eða í hvaða viðauka sem er við þau sem hingað til hafa verið gerðar eða hér eftir verða gerðar í því skyni og þeim tilgangi sem hér segir:

a) Að hafa á hendi starfrækslu sem eigendur og útgefendur fréttablaða, tímarita blaða, bóka og annars bókmentalegs sem út er gefið, samið eða starfrækt.

b) Að hafa á hendi almenna starfrækslu sem prentarar, útgefendur, stílsteyparar, skrautmynda prentarar, litmyndaprentarar og auglýsinga umboðsmenn.

c) Að byggja, semja, reisa, kaupa, leigja eða eignast á annan hátt eða útvega byggingar, skrifstofu, starfstofu, áhöld og vélar eða aðra hluti nauðsynlega eða nytsama til þess að reka starf það er félagið er stofnað til.

d) Að kaupa og selja land með hvaða skilmálum sem er.

e) Að taka til láns peninga eftir því sem þarfir félagsins krefja og að veðsetja og gefa sem tryggingu hvað sem er af eignum félagsins aða tryggingum þess til þess að borga það sem keypt er.

f) Að þiggja tryggingu af hvaða tagi sem er af hendi félags, einstaklings eða stofnunar sem skuldar félaginu.

g) Að selja, leigja eða láta af hendi á annan hátt allar framkvæmdir félagsins eða gera hverskonar samninga til hlutfalls ágóða, einingar eða ábata, samvinnu, samstarfs eða samsteypu við hverja aðra stofnun, félag eða einstaklinga sem er í samskonar starfsrækslu.

h) Að fá til yfirráða, taka í sínar hendur hvaða annað starfsfélag sem er af líkri tegund.

i) Að gefa út hluti með borgun ágóða þess sem félagið ákveður og að nota ágóða þann sem félagið hefir ákveðið til borgunar við innköllun hluta.

j) Að gefa út og selja hluti félagsins fyrir peninga út í hönd eða með því fyrirkomulagi að þeir séu síðar greiddir.

Það skal þó tekið fram að ekkert sem hér er tilgreint skal skiljast svo að félaginu sé veitt nokkurt vald sem löggjafaþing Manitoba nær ekki til og sérstaklega ber að skilja það að félaginu er ekki veitt vald til þess að gefa út handveðsskjöl með bankabréfa fyrirkomulagi. Og alt sem hér er tiltekið er háð þeim skilyrðum sem ákveðin eru í gildandi lögum Manitoba fylkis og reglum sem samkvæmt þeim eru settar og sérstaklega með tilliti til bygginga og rekstur járnbrauta, ábyrgðarfélaga, trygginga félaga og ómyndugra fjárgæzlufélaga eða annara starfrækslufélaga sem sérstök lög nú eða hér eftir kunna að fjalla um.

(Framhald á fjórðu síðu).

RUBBER STAMPS, STENCILS, SEALS, CATTLE EAR BUTTONS, Etc.

Þegar þið þurfið stimpla innsigli, signet o.s.frv. skrifið til hins undirritaða.

Sendið eftir ókeypis sýnishorni af Gripa Eyrna Hnöppum.

Canadian Stamp Co.
S. O. BJERRING
Sími, Garry 2176.
880 Donald St. Winnipeg

BÚJÖRÐ TIL SÖLU

Einn landsfjórðungur til sölu nálægt Lundar í Manitoba. Landið er inngirt. Uppsprettulind nálægt einu horninu. Verð $2,400. Landið er S. W. qr. 10, 20, 4 W. prineipal meridian.

Héraðið umhverfis Lundar er ágætt gripaland, og einnig til yrkingar. Gott vatn. Landið yfir höfuð slétt með miklu af góðum aldiviðarskógi (poplar).

Skilmálar: $500 út í hönd. Sanngjarn tími á það sem eftir stendur.

Snúið yður til auglýsendans að 902 Confederation Life Building, Winnipeg.

Stofnað 18663. Talsími G. 1671

Þegar þér ætlið að kaupa áreiðanlegt úr þá komið og finnið oss. Vér gefum skrifaða ábyrgð með öllu sem keypt er af oss.

Mitchell & Co., Ltd.
Gimsteinakaupmenn í Stórum og Smáum Stíl.
486 Main Str. Winnipeg.

HEYRID GÓDU FRETTIRNAR.

Enginn heyrnarlaus þarf að örvænta hversu margt sem þú hefir reynt og hversu margra sem þú hefir leitað árangurslaust, þá er enginn ástæða fyrir þig til örvæntingar. The Megga-Ear-Phone hefir oft gert kraftaverk þegar þeir hafa átt í hlut sem heyrnarlausir voru og allir töldu ólæknandi.

Hvernig sem heyrnarleysi þitt er; á hvaða aldri sem þú ert og hversu oft sem lækning hefir mistekist á þér, þá verður hann þér að liði. Sendu tafarlaust eftir bæklingi með myndum.

Umboðssalar í Canada:
ALVIN SALES CO., DEPT. 24
P. O. Box 56, Winnipeg, Man.
Verð í Canada $12.50; póstgjald borgað af oss.

Lodskinn og Ull

Við viljum alla þá ull og öll þau loðskinn sem þú selur.

HÁTT VERÐ OG GÓÐ SKIL

WheatCityTanneryLtd
BRANDON, MAN.

Meðmæli: Bank of Commerce og öll express félög.

EIGN MEÐ MATJURTAGÖRÐUM TIL SÖLU

Við Portage Avenue, nálægt Murray skemtigarðinum. Jarðvegurinn er annsláður í hinum fræga Rauðárdal. Hátt land og þurt. Lækur rennur í gegn um eignina. Gömul kona á þessa eign og getur hún ekki stundað hana eins og vera ber. Skrifið oss eða talsímið. Áritan vor er:
902 Confederation Building
Sími Main 2391. Winnipeg

Nú brosi ég
eins auðveldlega og ég

grettimig áður fyr

Það borgar sig fjárhaldslega og í mörgu öðru tilliti að vera glaðlegur.

En það er samt ómögulegt að vera glaðlegur þegar augna þreyta eða óhæf gleraugu koma manni til þess að gretta sig.

Ég var viss um fullkomnustu þekkingu og reynslu þegar ég fékk gleraugun mín búin til hjá

R. J. PATTON
OPTOMETRIST
Note Particularly Our New Address.
703 Boyd Bldg
Phone M.9502 Winnipeg, Man.

Fundur frjálslyndra manna

Frjáálslyndir menn (Liberals) í Winnipeg héldu fund á þriðjudaginn var í Rialto byggingunni. Tvö hundruð manns voru mættir. Forseti fundarins var F. C. Hamilton, þingmannsefni, en skrifari Hugh Cutler, lögmaður.

Þessir voru kosnir í embætti í félaginu:

Norður Winnipeg

E. J. McMurray, formaður, Charles Mulvey, varaformaður; J. B. Lewis skrifari; H. R. Muir, gjaldkeri. í framkvæmdarnefnd C. H. Shepard, Alexander Grant, William Day, J. J. Matheson, McDougall, William McKay, John Caseneuve, J. T. Ferley, þingmaður.

Mið Winnipeg

Dr. C. J. Jameson, formaður; D. S. Lyons, varaformaður; J. G. Hjaltalin, skrifari; J. J. Buckingham, féhirðir. Framkvæmdarnefnd H. A. Dangerfield Colin McCormick, John Shannon, M. Hald, Dr. Sig. Júl. Jóhannesson, N. T. Carey, William Foley, James Hunter, J. J. McMillan, M. Markússon.

Suður Winnipeg

J. A. Knott, forseti; Dr. M. B. Rombough, varaforseti; N. T. McMillan, féhirðir; framkvæmdarnefnd, C. C. McGlashan, David Philip, F. C. Hamilton, J. E. Adamson, H. S. Paterson, H. Chevrier, W. S. Henry, A. E. Kenner, J. F. Fisher, H. D. Cutler.

Margar samþyktir voru gerðar og sumar allharðorðaðar í garð stjórnarinnar.

Þessar voru þær helztu:

1. Tillaga borin fram af H. S. Paterson þingmannsefni frá Brandon og studd af J. O. Lewis ritstjóra Western Star:

Þessi fundur heitir óskiftu fylgi sínu málefni bandamanna og lýsir aðdáun sinni yfir hinni óviðjafnanlegu hreysti hermanna þeirra sem frá Canada hafa farið í stríðið til þess að berjast fyrir frelsi heimsins. Með stolti og söknuði minnumst vér þeirra sem farið hafa og ekki koma aftur, og vér strengjum þess heit að styrkja þá stað fastlega og hjálpa þeim sem í stríðinu eiga að verða [illegible] til réttar og sann girni ræður með þjóða sins og vér vildum að væri meðal einstaklinga.

2. Tillaga borin fram af H. Arundel studd af Dr. Sig. Júl. Jóhannessyni:

"Þessi fundur frjálslyndra manna í Winnipeg lýsir aðdáun sinni yfir lífsferli og hinu mikla lífsstarfi Sir Wilfrid Lauriers hins mesta manns sem Canada á og hefir átt, og yfir hinni einlægu tilraun hans til þess að framkvæma skyldu sína á þann hátt sem hann álítur rétt til blessunar fyrir alla Canada að því er snertir þátt vorn í hinu mikla heimsstríði.

Vér látum í ljós þá von vora að hinir ómætmælanlegu hæfileikar hans, hin langa reynsla hans og hin óviðjafnanlega stjórnmálahygni hans megi verða til þess að endursameina Canadisku þjóðina í þessu þýðingarmikla máli með því að framfylgja stríðsmálunum samvizkusamlega og leiða til sigurs grundvallaratriði frjálslyndu stefnunnar."

3. Lagt til af W. J. Donovan, lögmanni, stutt af Dr. M. B. Rombough:

"Þessi fundur lýsir því yfir að hann endursamþykkir stefnuskrá þá sem samþykt var á flokksþingi frjálslyndra manna í Winnipeg í ágústmánuði 1917

4. Lagt til af J. E. Adamson, lögmanni og stutt af N. T. McMillan:

"Þessi fundur lýsir yfir áhyggju og skelfingar tilfinningu vegna þess hvernig með málefni þjóðarinnar er farið af hinni svo kölluðu samsteypustjórn í Ottawa, yfir sambandi stjórnar meðlimanna við auðvaldið og yfir því hversu óhæfir þeir eru og fífldjarfir í fjársóun sem svo mikið kveður að nú að af því leiðir sundrung og óánægju sem er hættuleg og gerir það ómögulegt fyrir þessa þjóð að taka þann þátt í stríðinu sem hún með réttu gæti tekið.

Vér fordæmum sérstaklega þau atriði sem hér segir: 1. Hina illu meðferð herskyldulaganna frá 1917 og stjórnarnefndarákvæði í sambandi við þau. 2. Flokksfylgi og hlutdregni, sérstaklega í sambandi við hermálin. 3. Vér fordæmum það að landinu sé stjórnað með neindarákvæðum sem af nema lög þingsins. 4. Fjárdrátt sérstaklega í sambandi við þær vörur sem framleiddar eru, keyptar og seldar í sambandi við stríðið og lífsnauðsynjar. 5. Vér mótmælum hinni illu meðferð stjórnarinnar á heimkomnum mermönnum, hermanna ekkjum og skylduliði þeirra og eftirlauna svívirðingum. 6. Tollasjefnu stjórnarinnar og sérstaklega tollum á akuryrkju verkfærum, þrátt fyrir hina miklu þörf á aukinni framleiðslu til þess að geta hjálpað bandamönnum og her þeirra. 7. Vér fordæmum það athæfi stjórnarinnar að borga miljónir dala til McKenzie og Mann. 8. Vér fordæmum hið háa verð á lífsnauðsynjum og hina illu stjórn vistagæzlu deildinni. 9. Vér fordæmum það að kosningalögin skuli ekki numin úr gildi, sömuleiðis hinar stórkostlegu svívirðingar og mútur við síðustu kosningar. 10. Vér fordæmum það að meðlimir stjórnarinnar og blöð þeirra hafa með útreikningaðri aðferð vakið upp þjóðernishatur og trúarbragðahatur í því skyni að hafa af því pólitízkan hagnað. 11. Vér fordæmum það hvernig farið hefir verið að í sambandi við kolamálið sem að sjálfsögðu ætti að rannsaka tafarlaust. 12. Vér fordæmum hækkun á flutningsgjaldi og fargjaldi. 13. Vér fordæmum þá aðferð stjórnarinnar að hefta prentfrelsi með nefndarákvæðum til þess að vernda stjórnina og meðlimi hennar undir því falska flaggi að það sé í stríðsþarfir. Það hryggir oss einnig að stjórnin hefir enga stefnu tekið né nokkurt spor stigið til þess að ráða úr málum eftir stríðið.

Ennfremur var það samþykt sem nær segir. Var tillögu-maðurinn J. F. Foker og styðjandinn C. C. McGlashan:

"Með því að hver staðhæfingin rekur aðra um það að þannig sé framfylgt herskyldulögunum að megnustu óþægindi leiði af að óþörfu eftir því sem virðist, og vegna þess að vér álítum ekki að ráðherrar samsteypustjórnarinnar ætlist til að herskyldulögunum séu þannig framfylgt, skorum vér á stjórnina að halda nákvæma rannsókn í því hvernig herskyldulögunum sé framfylgt í því skyni að bæta úr því sem áfátt er (ef eitthvað er áfátt) og til þess að koma í veg fyrir slíkt framvegis. Eða ef slík spor hafa þegar verið stigin til þess að rannsaka málið að ráðherrar stjórnarinnar geri þá fólkið að trúnaðarmanni sínum til þess að nema brott þann grun að nokkur ójöfnuður eigi sér stað og fólkinu sé sýnt að það sé ekki ef grunurinn er ástæðulaus."

Margar ræður voru fluttar á fundinum og töluðu þessir meðal annara: J. E. Adamson, N. T. McMillan, Horace Chevrier, Ira Stratton, Dr. Rombough, McGlashan, Fisher, lögmaður, Denovan, lögmaður og fleiri.

Í laugaskarði

Þegar frelsið vígin varði
varstu þá í Laugaskarði?
Eða saztu í sjálfs þíns kynni
sazt og beiðst hver leikinn ynni?
Mest að hugsa um magann svanga,
mættinum á vald að ganga.

Eða fórstu á hæli hokinn
heim til þín og sázt ei lokin?
Þegar djarfa sannleikssveitin
sverðum varði frelsis reitinn,
varinn fyrir blaki og blekking,
bróðurþeli og dýpri þekking?

Eða léztu lands þíns fjöndum
leiðsögn fala á heimaströndum?
til að finna að fjallabaki
færi á nýju þrælataki,
svo að bið bana í skarði
bróðir þinn er frelsið varði?

Sjálfs þíns hugur heimtar svarið
hvort þú hafir skarðið varið.
Bræður þína blekkja máttu,
bágast með þig sjálfan áttu.
Samvizka þín kveður kviðinn—
þú kaupir aldrei sálar friðinn.

Páll Guðmundsson.

GEISLAR.

Ef þú situr sólarvana
í sorga skugga,
líttu um öxl og láttu skína
liðinn geisla í sálu þína.

Léttir hug að lifa upp aftur
ljúfa minning,
færir bros á bleikar kinnar,
brotasilfur gleði þinnar.

Því er bezt að breiða fang
mót brosi sólar,
taka geislum opnum örmum
—altaf verður nóg af hörmum.

Páll Guðmundsson.

KOSNINGAR Á ENGLANDI.

Blöðin fullyrða það nýlega að kosningar muni fara fram í haust á Englandi. Talsverð óánægja virðist eiga sér stað gegn stjórnini og segir Lloyd George að bezt sé að fólkið fái að segja til hvort skifta skuli um eða ekki. Margir telja það líklegt að stjórninni verði hrundið og verkamannaflokkurinn muni komast að undir forustu Arthur Hendersons. Joseph Martin, fyrverandi ráðherra frá Manitoba, hefir gengið í lið með brezka verkamannaflokknum, og munar um hann ekki allítið. 15,000,000 kjósenda hafa bæzt á kjörskrárnar; konur hafa fengið atkvæði og fjöldi verkamanna sem aldrei hafa greitt atkvæði fyr. Þess má geta að verkamannaflokkurinn hefir mörgum ágætum mönnum á að skipa auk Hendersons; þar á meðal er Clynes, vistastjóri og eftirmaður Rhonda lávarðar.

Maður sem Richard Allan MsClusky heitir og heima á í Calgari héraðinu hefir fraimleitt yfir 100 mæla hveitis af ekrunni í sumar. Er það hæsta mæla tal, ef satt er, sem nokkru sinni hafa farið sögur af í heimi. Hveititegund þessi er ný og er mitt á milli hinnar Egyptsku tegundar og canadiska hveitisins. Öxin eru 6½ þumlungar á lengd og í þeim 70-80 hörð og góð hveitikorn. Þessi sami maður sem ræktað hefir þetta hveiti hefir gert margar aðrar tilraunir með ræktun og blöndun á ýmsu. Hann ræktaði t.d. svo mikið af berjum á bletti sem er 35x50 fet að hann seldi þau á $108.50.

Óhlutdræg blaðamenska

Fyrir fáum árum var uppi í Bandaríkjunum ritstjóri, sem hét John Swinton. Þann orðstír átti hann, að hann væri sanngjarnastur og sjálfstæðastur allra ameríska ritstjóra, sem þá voru þar við blaðamensku riðnir, öndvegisbúdur, þeirra elztur og beztur. Á efri árum hans stofnuðu starfsbræður hans til gildis í New York, honum til heiðurs. Þar átti hann að mæla fyrir minni óháðrar blaðamensku. Það sem hann sagði var þetta:

"I Ameríku er sá hlutur hvergi til sem heitið getur óháð blað, nema ef vera kynni eitthvert sveitablað.

"Þetta vitið þið, og ég veit það líka. Enginn ykkar þyrði að segja sannfæring sína í blaðagrein, eins og hún er. Ef þið gerðuð það, vitið þið vel og fyrirfram, að slíku yrði stungið undir stól."

"Mér sjálfum eru greiddir $150.00 um vikuna, fyrir að birta aldrei hreinskilnar skoðanir minar í blaðinu því sem ég þjóna að. Ymsir ykkar vinna fyrir lík verkalaun. Hver ykkar, sem væri svo vitfirtur, að rita eins og honum býr í brjósti yrði rekinn út á götuna, að leita sér annarar atvinnu."

"Verkalýðsbringur New York ritstjórans er sá, að eyðileggja sannleikann, að skrökva skammfeilnilaust, að rangsnúa, að flaðra fyrir fótum Mammons, að selja lýð sinn og land fyrir sitt eigið uppeldi."

"Þið vitið þetta og ég veit þetta. Minni óháðrar blaðamensku—hvílík heimska."

Við erum tól og þrælar ríkismanna sem liggja í launkofum. Við erum leikbrúður, þeir kippa í þræðina, við dönsum. Hæfileikar okkar, hamingja okkar, æfi okkar er annara manna eign. Við erum ándlegar undirlægjur."

Stephan G.

Úr hagtíðindum 1918

Fuglatekja og dúntekja 1916

Eftirfarandi yfirlit sýnir fuglatekjuna árið 1916, samanborið við árið á undan, samkvæmt hlunnindaskýrslum hreppstjóranna:

Lundi	222.4 þús.	227.2 þús.
Svarftugl	81.8 þús.	30.6 þús.
Fýlungur	46.4 þús.	41.5 þús.
Súla	0.5 þús.	0.4 þús.
Rita	17.3 þús.	13.0 þús.
Samtals	368.4 þús.	312.7 þús.

Fuglatekjan árið 1916 hefir verið töluvert meiri heldur en árið á undan, og yfirleitt betri en í meðallagi, samanborið við undanfarin ár.

Dúntekja varð 1916 á öllu landinu samkvæmt skýrslum hreppstjóranna 4,355 kg., og er það meira en árið á undan, er hún var talin 4,290 kg., og töluvert meira heldur en í meðallagi, borin saman við árin þar á undan.

Lax- og silungsveiði 1916

Samkvæmt hlunnindaskýrslum veidd ust 10,700 laxar árið 1916. Er það heldur minna heldur en árið á undan, er veiðin var 12,000.

Aftur á móti var silungsveiði árið 1916 alls 448 þús. silungar, og er það að tölunni til líkt og árið áður, er veiðin var 445 þús. En í rauninni mun veiðin hafa verið töluvert rýrari, því að í henni er talinn murta úr þingvallavatni, og hún hefir veiðst óvenjulega mikið þetta ár (172 þús., en 152 þús. árið á undan).

Selveiði 1916

Samkvæmt hlunniinda skýrslum hreppstjóranna hafa árið 1916 veiðst 489 fullorðnir selir og 5675 kópar. Er það minna heldur en meðalveiði undanfarandi ára. Árið 1915 veiddust 8388 fullorðnir selir og 5324 kópar.

Árið 1916 var farið að gera út selveiðaskip til þess að veiða sela norður í höfum. Voru tvö skip gerð út til þess þá um vorið, gufuskipið "Kópur" frá Tálknafirði og mótorskipið 'Óðinn' frá Seyðisfirði. Stundaði "Kópur" veiðina í þrjá mánuði (apríl, maí og júní). Veiddi hann 2010 fullorðna seli 900 kópa og 2 birni. "Óðinn" stundaði selveiðarnar einn mánuð (maí) og veiddi um 300 seli og einn ísbjörn.

Aukakosning til alþingis 1917

18. ágúst 1917 fór fram aukakosning til alþingis í Norður-Ísafjarðarsýslu. Kjósendur á kjörskrá voru 1,159. Þar af greiddu 825 atkvæði eða 72 prósent Kosningahluttaka karla var þó nokkru meiri, 78 prósent, en kvenna nokkru minni, 61 prósent. 66 kjósendur eða 80 pró cent af þeim kjósendum eða atkvæði greiddu, greiddu atkvæði bréflega fyrir kjörfund. Mestur hlutinn, (50) af þessum kjósendum voru úr Hóls- og Eyrarhreppum.

BÆTA RÁD SITT.

Frá því var sagt í Vöröld nýlega að kvenfélag í Winnipeg hefði samþykt áskorun til stjórnarinnar um það að öl skyldi leyt til sölu í Canada. Þetta var sú höfuðsmán sem engu tali tók, enda hafa konur félagsins séð sig um hönd því á föstudaginn breyttu þær þessari samþykt og sneru henni alveg við. Var hún, eftir sögn, aðeins borin fram af fáeinum konum þegar fátt var á fundi og henni þrælað í gegn í snatri. Það er vel farið að konur sáu sóma sinn og hættu við að ganga í lið með erki óvini mannkynsins—áfenginu.

Vér kennum Pitmann og Gregg hraðritun

SUCCESS BUSINESS COLLEGE

Vér höfum 23 ára kennara.

Á HORNINU Á PORTAGE OG EDMONTON
WINNIPEG, MANITOBA

TÆKIFÆRI.

Mikil þörf er á góðu fólki útskrifaðu frá Success. Hundruð af bókhöldurum, hraðriturum, skrifurum og skrifstofuþjónum vantar einmitt nú sem allra fyrst Byrjið tafarlaust—núna strax í dag. Búðu þig undir tækifærið sem drepur á dyr hjá þér. Leggðu fé þitt í mentun. Ef þú gjörir það þá farast þér svo vel að foreldrar þínir, vinir þínir, viðskifta heimurinn verða stolt af þér. Success skólinn veitir þér lykilinn að dyrum gæfunnar. Bezt er fyrir þig að innritast tafarlaust.

ÖÐRUM FULLKOMNARI.

Bezti ljósmyndarinn er almennt traust. Árs innritun nemenda á Success skólann er miklu hærri en allra annara verzlunarskóla í Winnipeg til samans. Skóli vor logar af áhuga nýrra hugmynda og nýtísku aðferða. Ódýrir og einstakra manna skólar eru dýrir hvað sem þeir kosta Vér höfum sérstöðu kennara; kennarar vorir eru langt um fremri öðrum. Lærið á Success, þeim skóla skóla hefir farnast allra skóla bezt. Success skólinn vinnur þér velfarnar.

INNRITIST HVENÆR SEM ER. SKRIFID EFTIR BÆKLING

The Success Business College

F. G. Garbut, Pres. LTD. D. F. Ferguson, Prin.

ONE GAR-SCOTT 25 H. P.

Samsett dráttvél og sjálffermari og blástursvél, fyrir $3,500. Skilmálar $500 út í hönd og sanngjarn tími fyrir það sem eftir er.

Snúið yður til auglýsendans að
902 CONFEDERATION LIFE BUILDING, WINNIPEG

C. S. MACDONELL LUMBER CO.

Bæði Stranda og Fjallaviður
Þakspónn úr sauðum sítrus-viði.
Sívalir og kantaðir staurar. Eldiviður
SKRIFID EFTIR UPPLÝSINGUM UM VERD
346 SOMERSET BLOCK WINNIPEG

RJÓMI
SÆTUR OG SÚR
Keyptur

Vér borgum undantekningarlaust hæsta verð. Flutningabrúsar lagðir til fyrir heildsölu verð.

Fljót afgreiðsla, góð skil og kurteis framkoma er trygð með því að verzla við

DOMINION CREAMERIES
ASHERN, MAN. og WINNIPEG, MAN.

Tannborun

FÓLK KVIÐIR FYRIR ÞEIRRI ATHÖFN ALMENT. REYNID OSS OG SANNFÆRIST UM ADFERD VORA.

Aðferð sem allar tannlækninga tegundir verða gerðar með alveg sársaukalaust, svo sem til dæmis: að draga tennur, að taka burt tanntaugar, að fylla tennur; í stuttu máli alt sem gera þarf við munninn.

Vér óskum aðeins eftir að þér reynið oss.

Alt rammlegt, endingargott og ábyrgst.

GULLBRÝR
GULLKRÓNUR OG
GULLTENNUR

Skrifið þessa áritan á minnispjaldið yðar.
DR. B. S. O'GRADY, DENTIST.
405½ Selkirk Ave., Winnipeg.

Hæfileg skoðun við tanndrátt og ásetlun ókeypis.

Lægsta verð í Vestur Canada. Ábyrgst að menn séu ánægðir með verk vor.

VERNDID HEILSU YDAR.

með því að láta mig gera það sem þér þurfið við tennur yðir. Sértakur gaumur gefin þeim sem í bæinn koma utan af landi.

Ráðlegt að láta mig vita í tíma hvenær þér ætlið að koma.

Með þakklæti,

Dr. BASIL S. O'GRADY
TANNLÆKNIR
hefir opnað nýja lækningastofu að
405 1-2 Selkirk Avenue

KOL! KOL!

Talsími Garry 2620

D.D. Wood & Sons, Ltd.

Office og Yards: Ross Ave., horni Arlington Str.

FÉLAGID SEM HEFIR GÓDAN ELDIVID OG ÁGÆTA AFGREIDSLU

Reglubundin afgreiðsla. Ábyrgst að menn verði ánægðir.

Eldividur! Eldividur!

SPARAR ELDIVID OG KOL

Patented Nov. 1917

Ábyrgst að hlutfallslega fáist meiri hiti með þessari aðferð en nokkurri annari sem þekkist. Sparar bókstaflega einn fjórða til helming af eldiviði og er nothæft fyrir hitunarvélar, ofna, eldavélar, gufukatla og vatnskatla.

Nothæft með hverskonar eldivið sem vera vill; viði, kolum, kolabræðir (coke) o.s.frv. og þetta er eina fyrirkomulag sem gjörir það mögulegt að að brenna linkolum m.ð góðum árangri því það heldur gasi nógu lengi til þess að nota það. Það hefir fundiset út með verulegri reynsli að þegar lokað er þá byrjar loftstraumur að innan í pípuna og til hitunarvélarinnar; kemst þá hitaaflið aftur í eldinn og notast þar; þess vegna verður það að hitamagnlíkurnar verða miklu meiri.

	Svart.	Galvan.				
6 þumi	$1.50	$1 50	9 "	2,30	2 55
7 "	1.75	2.10	10 "	2.50	2.75
8 "	2.00	2.30	12 "	2.50	4.30

Þetta verð er fyrir pípur 18. þumlunga langar og er uppsetning þar ekki innifólgin. Stærri pípur eru sérpantanir.

Pantið frá A. GIBSON, einkaleyfishafa, eða O-RIB-O MFG. CO., LTD., einka framleiðanda. 233 Stradbrook Ave., Winnipeg.

Húdir, ull og lodskinn

Ef þú óskar eftir fljótri afgreiðslu og hæsta verði fyrir ull og loðskinn, skrifið

Frank Massin, Brandon, Man.

SKRIFID EFTIR VERDI OG ÁRITAN ASPJÖLDUM.

BÖRN OG UNGLINGAR!

SÓLÖLD er eina barna og unglinga blaðið sem gefið er út á meðal Vestur Íslendinga.

SÓLÖLD verður skemtileg, gagnleg og fræðandi.

SÓLÖLD verður með 3-5 myndum í hvert skifti.

SÓLÖLD kemur út tvisvar í mánuði.

SÓLÖLD vill verða vinur þinn. Vilt þú ei vingast við blaðið, sem er gefið út eingöngu fyrir þig.

SÓLÖLD vill gjarnan fá þig til að senda sér línu við og við.

SÓLÖLD kostar að eins $1.00 um árið. Það borgar sig að gefa $1.00 fyrir **Sólöld.**

FYLL ÚT MIDANN Í DAG SVO ÞÚ FÁIR NÆSTU SÓLÖLD.

SÓLÖLD

Öllum kaupendum Voraldar hefir nú gefist kostur á að sjá Sólöld.

Eftir bréfum og áskriftarlistanum að dæma hafa þeir ekki orðið fyrir vonbrigðum.

En það er áríðandi að allir sem gerast ætla áskrifendur að blaðinu geri það nú þegar.

Sendu inn hvíta miðann í dag.

SENDID ÞENNAN MIDA Í DAG

VORÖLD PUBLISHING CO., LTD.
482½ Main St.,
Winnipeg, - Man.

Kæru herrar:—

Gerið svo vel og sendið mér blað yðar Sólöld. **Hérmeð fylgir $1.00 fyrir fyrsta árgjaldið.**

Dagsetning _____

Nafn _____

Áritan _____

Dragið ekki að gerast áskrifendur Sólaldar.

Unga Ísland--Verzlunarmálin

(Framhald).

kaupmanna og kaupfélaga? Mundi Lögr. standa næst að svara þessu með tölum og réttum skýrslum, en ekki dylgjuhnökrum og ályktanabláþráðum.

Búast má við að hún taki til máls einu sinni eða tvisvar um þessar sakir, áður en þjóðin trúir því að heildsalarnir leggi minna á vörurnar en það, sem nemur móttöku og úthlutanarkostnaði og ábyrgðargjöldum Landsverzlunarinnar.

— — Þrátt fyrir æðisgang sumra kaupmanna og flestra blaðanna, að Landsverzl., þetta ár, virðist þjóðin og löggjafafulltrúar hennar, samþykkja með mestri ró það skipulag, sem nú er að móta hana. Ráðsnilli og áhrif frá almenningsheill samvinnustefnunnar, hefir átt drjúgan þátt í að koma því til framkvæmda. — Lands-einkaverzlunin [illegible] stefnan í viðskiftum á þessum neyðartímum.

"Réttur" hefir nú skýrt afstöðu sína í aðal-dagskrárdeilumáli þjóðarinnar síðastliðið ár. En lítum nú á kaupmanna- og samvinnustefnuna nánar í spegli reynslunnar og atburðakeðju nútímans.

II.

Stefnur

Það er ekki nýtt að heyra menn lofa og dásama samkepnina, og hampa kostum hennar framan í fjöldann ásamt háværum kröfum um sjálfstjórn og frjálsa verzlun. Frjálsa samkepnin með kostum sínum og göllum, er ein höfuðástæðan, sem notuð er til stuðnings kaupmannastefnunni. Nú hafa flestar mentaþjóðirnar búið að frjálsri verzlun, að yfirvarpinu, í nærfelt þrjá mannsaldra, og samkepnin þó eigi megnað að flytja þær nær því hugtaki en svo, að verndartollmúrar þjóðanna, kaupmannahringir — og nú síðast verzlunar- og siglingabann ófriðarins mikla, hafa næstum kollvarpað þjóðaviðskiftum (heimsverzluninni. Aðalvopn og verjur samkepninnar voru jafnvel á hröðum rekspöl með það, fyrir stríðið, að knýja þjóðirnar til þess að búa að eigin framleiðslu, líkt og á einokunaröldinni. Þess vegna er það beinlínis undurunarefni, eftir þá reynslu, sem nú er fengin, að menn skuli enn geta hlustað á og aðhylst ræður og rök þeirra sem berjast fyrir kaupmannastefnunni og auðvaldshringunum, undir flaggi frjálsu samkepninnar.

En það hygg ég að eigi sé unt að gera sér dýrðlegri vonir, eða tala fagurlegar um árangur hennar og áhrif í viðskiftum þjóðanna, en gert var á fyrri hluta 19. aldar. Til þess að sýna hversu hátt menn hugsuðu vil ég tilfæra kafla úr ræðu eins mikilhæfasta frumherja enska verzlunarfrelsisins, Richard Cobden. Ræðan var flutt í Manchester árið 1846, tólf dögum áður en korntollurinn var numinn úr gildi á Englandi: "Ýmsir hafa ásakað mig fyrir að ég lagði alt of mikla áherzlu á áþreifanlega hagsmuni og gæði; en þjóðinni mundi hlotnast, þó held ég megi fullyrða að ég hafi líka gert mér ljósari grein fyrir gagni og áhrifum verzlunarfrelsisins, en þeir, sem hafa litið á það í hyllingum og draumum heima á skrifstofu sinni. Ég álít að beini hagurinn af sigri þessa málefnis, verði minstur hluti þess ávinnings, er þjóðunum hlotnast. Eg sé miklu lengra. Í grundvallaratriðum verzlunarfrelsisins býr máttur, sem hefir sviplík áhrif á menningu og siðalögmál þjóðanna, eins og þyngdarlögmálið hefir á himingeiminn. Þessi máttur sameinar þjóðirar, eyðir smámsaman andstæðum kynflokkanna í trúarbrögðum, tungumálum o. fl. tengir þá órjúfandi samböndum. Og ég hefi séð ennþá lengra. — Látið hugann fljúga, ef til vill, dreymt um framtíðarroða í þúsund ára fjarsýn; og eg hefi hugsað um hvaða árangur þá yrði fenginn af verzlunarfrelsinu. Ég hygg það valdi geysimiklum breytingum á útliti landanna, og leiði í lög stjórnarfarskerfi gagnólík þeim er nú gilda. Eg hygg að hvatirnar og nauðsynin til þess að stofna voldug stórveldi, landher, herskipaflota og önnur morðtæki, er glata mannslífunum og sólunda ávöxtum vinnunnar — hverfi alveg úr sögunni. Þá verður engin þörf fyrir neitt þesskonar, er þjóðirnar búa saman eins og þær væru ein fjölskylda og allir skiftast á frjálslega arði framleiðslu sinnar eins og bræður. Það er trú mín, að gætum vér horfið aftur til jarðarinnar eftir nokkrar aldir, mundi það ljóst að gildandi stjórnskipulagsflækjur ríkjanna væru greiddar, og alt orðið jafnfrjálslegt og fábrotið og skipulag héraðsmála er nú. Það er ennfremur trú mín, að eftir þúsund ár muni hugsjónaspekingar og sagnfræðingar binda voldugustu byltingu í veraldarsögunni við það ártal, er hið sigursæla málefni, sem vér nú berjumst fyrir, kemst í framkvæmd."

Naumast verður glæsilegar talað nú á tímum fyrir verzlunarfrelsinu. Hin ákafa framsókn Cobdens og fylgismanna hans, stafaði sumpart of ókjörum þeim, er á því tímabili háðu viðskiftalífinu á Englandi. Þessvegna var það eðlilegt að málefni þeirra fengi góðan byr; og að ýtrustu kröfur þeirra um verzlunarfrelsi væru réttmæt bjargráð, borið saman við þau viðskiftakjör, sem þjóðin bjó við. Hér á landi var verzlunarfrelsið eigi síður tímabært mál; óvíða höfðu einokunarböndin hert fastar að hnútunum.

Þó það héti svo að öll verzlunarbönd væru leyst um 1850, og viðskifti frjáls við allar þjóðir, fór smámsaman að bóla á því að einstakar stéttir og flokkar manna, þeirra er bolmagn höfðu ,notuðu sér frelsið til að lengja fingur sína og glenna greipar yfir viðskiftasviðið, eftir því sem hyggindi þeirra og orka leyfðu. Tilgangurinn sá að ná í lófa sína verzlunararðinum. Sérhver keptist við að seilas lengra en hinir, og verða fyrstur að hrifsa til sín. En brátt fór sá fingralangi einstaklingaflokkur að glöggva sig á því, að allir fiskuðu þeir á sömu miðum, höfðu samskonar hagsmuna að gæta. Í sambandi við annað sameiginlegt, t. d. þjóðerni, vináttu og tengdir, fór þeim að skiljast, að meira mundi aflast á þann hátt, að þeir tækju höndum saman, til þess að draga úr greipum neytenda, sem enga viðskiftafingur höfðu. Með þessum verzlunarnetjum sínum umkringdu þeir ákveðin viðskiftasvæði, náðu einkaumráðum á ýmsum framleiðslulindum, iðnaðar- og framleiðslutækjum, og ennfremur einkasölu á sérstökum vörutegundum. Þessi viðskiftabönd, sem hin frjálsa verzlunarsamkepni hefir spunnið, eru svo ótalmörg í hverju landi, að öllum, má ljóst vera, hvað við er átt. Illræmdust eru tollagakerfin, ýms "monopol" samtök iðnaðarkonga og skipaútgerðarstofnana og kaupmannahringir. Nú á tímum eru þessi sambönd einna stórkostlegust í Ameríku, og leggja þau net sín víða um heim. Þó ber mönnum engu síður að gjalda varhuga við hinum smágerðari vélráðum, sem næst liggja og eru alveg sama eðlis. Þessar verzlunarflækjur leystu af hólmi fornu einokunarfjötrana, er ríkisstjórnir knýttu um hvert land..

Um 1850 stóðu Englendingar allra þjóða bezt að vígi með að ná yfirtökum á heimsmarkaðinum; þeir höfðu stærstan verzlunarflota,og mestar járn- og kolanámáur í nánd við stórar hafnarborgir. Allt sem haganlegast til stóriðnaðarreksturs og herskipaútgerðar. Studdi það eigi minst að því að enska þingið veitti verzlunarfrelsið.

Verndartollmúrarnir eru, sem kunnugt er, helztu varnargögnin í verzlunarsamkepninni. Algengt er að sumir atvinnuvegir einnar þjóðar heimti verndartoll, um leið og aðrar atvinnugreinar hennar þurfa að njóta frjálsra viðskifta út á við. Með aðstoð hervaldsins rjúfa þjóðirnar tollgirðingar óvinanna, og útvega vörum sínum markað; og herskipaflotinn er öflugasta vopnið í þeim kappleik. Með honum hafa Englendingar borið sigur af hólmi í Nýlendupólitíkinni. Fyrir ófriðinn mikla var sú stefna efst á baugi í Englandi, að koma á toll-samböndum við allar nýlendurnar, er verða skyldi verzlunargirðing um alt Bretaveldi. Aftur á móti tefldu þjóðverjar fram auði sínum til að margfalda herbúnaðinn og koma upp flota, gegn verzlunarvaldi Breta og verndar eigin hagsmunum. Fjármálahildarleikur beggja stórveldanna harðnaði svo með ári hverju, að stjórnarvöldum þeirra þótti tvísýnt um viðhald hernaðarstefnunnar. Á hinn bóginn óx kur og fjandskapur gegn henni, meðal borgara og jafnaðarmanna. Stjórnmálastefnum þeirra jókst fylgi svo hröðum fetum, að auðvaldssinnar og hervaldsflokkarnir voru farnir að telja hvert árið síðast fyrir sér, við stjórnarkosningar, [illegible] borgaraflokkunum tækist að kollvarpa áformum þeirra, og ná yfirtökum á þingsölum og stjórnarráðum þjóðanna—sigla stjórnarvöldin fleytum þjóðanna inn í brimgarð heimsstyrjaldarinnar; í von um að ná höfn hvor um sig. Fyrir þá von er öllu fórnað. Ekki hlífst við að leggja í sölurnar framtíðarskilyrði margra ófæddra kynslóða, til þess að sú kappsigling geti orðið sem ægilegust. En höfnin sem á að ná, bak við brimgarðinn, er verzlunarfrelsið. Má það vafalaust teljast ljósasta orsök óriðarins mikla, að hvor þjóðin fyrir sig vildi hafa greinileg yfirtök á heimsmarkaðnum. Hrikalegasti atburðurinn í mannkynssögunni — stríðið, er sönn mynd af verzlunarstefnu 19. aldarinnar — bein afleiðing hinnar frjálsu verzluarsamkepni. Og þar eð eigi verður komist lengra í öfgunum, er nokkur von um afturhvarf, stefnubreyting í viðskiftalífinu. Í þessu formi er heimsverzlunin aðeins kappleika og orustusvæði, og viðureign keppinautanna kemur á stað stéttabaráttu í hverju þjóðfélagi, með ómetanlegum stríðskostnaði. Mikill hluti þeirra landa, sem mest hafa borið úr býtum í verzlunarstríðinu, hefir næstum farið allra þeirra hagsmuna á mis. Öreigalýðnum hefir fjölgað. Á Bretlandi eru 1—2 miljón manna árlega fleytt á fátækra ölmusum; og þriðjungur af íbúum Lundúnaborgar eru fátæklingar, sem búa við sult og húsnæðisleysi; þó hefir hún um langan aldur verið hjarta heimsverzlunarinnar, þangað hafa vörur streymt frá öllum löndum og allar markaðsleiðir leigið.

Íslendingar hafa enn eigi beinlínis sogast inn í styrjaldarhringiðu stórþjóðanna, en þeir þekkja margar smærri myndir af kapprórinum á viðskiftsviðinu. Virðum snöggvast fyrir okkur eina af þessum myndum, til þess að glöggva betur óheilindin í verzlunarskipulaginu.

Fjöldi stórkaupmanna í Reykjavík hafði stofnað þar til heildsöluverzlunar skömmu fyrir stríðið. Umsetningin var lítil í byrjun. En breytingar þær á vöruinnkaupum og flutningum, er leiddu af ófriðnum, og drógu viðskiftin til Rvíkur eins og áður er frá skýrt, urðu meira en lítil krás fyrir heildsalana, er búnir voru að búa þar vel um sig. Og fleiri höpp féllu þeim í skaut. Við stofnun Eimskipafélags Íslands, voru nokkrir menn úr þeirra flokki kjörnir í stjórn þess. Nú var aðstaða fengin, til að bola smærri keppinautum frá stærstu hlutunum í taflinu um verzlunararðinn. Því einhvernveginn réðist það svo að íslenzku skipin fluttu hlutfallslega meir vörur til heildsala í félagsstjórninni, en annara vöruinnflytjenda. En við útsölu varanna keptust þeir aftur á móti hver við annan um eftirspurnina, til þess að selja sem mest og greiðast. Ennfremur var þeim einkar þægilegt að láta skipin bíða á meðan farmi var skift, og vörur flokkaðar á sölustaði, þar sem boð fengust í þær; skipið svo fermt með þeim aftur til flutnings umhverfis land. Hitt virtist ekki koma þeim við, að neytendum varanna í fjarlægum landshlutum, mundi það bæði hagkvæmara og ódýrara, að fá þær sem vafninga og króka-minst frá útlöndum á höfn til sín. (Má í því efni minna á Lagarfossferðina um síðastl. áram. o. fl.)

Vöruverð heildsala og kaupmanna ákvarðast, að allmiklu leyti, af eftirspurninni. Ef einn hafði byrgðir af vörutegund, sem aðra keppinauta hans skorti, þá hækkaði hann oft verð hennar, án tillits til kostnaðar eða ómaks síns. Reglan sú að ná söluvaldi á vörunni fyrir lægsta verð og verð hennar, án tillits til kostnaðar eða ómaks síns. Reglan sú að ná söluvaldi á vörunni fyrir lægsta verð og minstu fyrirhöfn en selja hana svo aftur venjulega gegn því verði, sem unt var að fá. Og þess þá ekki svifist að beita hvor annan brögðum; hefir mest borið á þeim öfgum á síðustu tímum. Hitt hefir oftast ekki verið sparað, að kosta miklu til, með ýmsum gyllingum, að vinna sér hylli á markaðnum; eða til framkvæmda er kynnu að margfalda eigin viðskiftaveltu.

Í atvinnurekstri sínum hafa stórkaupmennirnir verið lítt vinsamlegri eða hollari hver öðrum en Englendingar og Þjóðverjar. Og allan baráttukostnað þeirra, sem gengið hefir í súginn við margskonar áhættubrask og til að festa þá í sessi — og nefna má verzlunarskatt — hann borga framleiðendur og kaupendur varanna, að sínu leyti eins og gjaldendur meðal stórþjóðanna hernaðargjöldin. Í Reykjavík eru stórhýsi kaupmannanna og vöruskemmur, mörgum sinnum fleiri og dýrari en þjóðverzlunin þyrfti á að halda, væri hún á einni hönd — annaðhvort landsins sjálfs eða sambandi kaupfélaga. Hver hefir reist og borgað allar þær byggingar? Framleiðendur varanna og neytedur á þessu landi, því mær eingöngu, og þær eru þeim álíka þarfar og arðsamar og herskipin eru stórþjóðunum. Hernaðarat þjóðanna um heimsverzlunina og barátta stórkaupmannanna um landsverzlunina, mega því heita alveg hliðstæðar myndir. Þessvegna er það að sínu leyti, næstum eins óheilbrigt fyrir þetta þjóðfélag að viðhalda heildsala- og kaupmannastefnunni á viðskiftasviðinu, eins og það er fyrir stórþjóðirnar að styðja og framfylgja hernaðarstefnu og hólmgöngu Engleðinga og Þjóðverja.

— — Þess er áður getið að í flestum Evrópulöndum hafi framsókn og fylgi stjórnmálaflokka alþýðunnar farið hraðvaxandi, ár frá ári, fyrir stríðið. Hér á landi hafa samskonar flokkar myndast og markað sér braut, nú á síðustu árum, síðan þjóðin fór að gefa meiri gaum innanlandsmálunum, en áður var. Þessir flokkar eru jafnaðarmenn og í öðru lagi hinn frjálslyndi flokkur frjálslyndra miðstéttarmanna, sem hefir skipað sér um framsóknarmerki samvinnustefnunnar víðsvegar um landið, og eðlilegt væri að nefna vinstrimannaflokk, þegar hann fer fyrir alvöru að fylkja liði sínu á þjóðmálasviðinu. Flokkastefnur hafa, nú þegar, nokkuð þrengt að bardagahólmi heildsala og kaupmannastefnunnar, hefir ágengi heildsalanna, á verzlunarsviðinu, og hinsvegar viðskiftaöfugstreymi ófriðarins, knúið fram síðustu árin. Vafalaust verður sú barátta háð æsingalaust og með rólegri sigurvon frá hálfu samvinnumanna, en þó þrekfastri sókn í framkvæmdum,—hvernig sem andstæðingarnir kunna að hella sinni skæðadrífu af blöðum yfir þjóðina, til þess að fala í stórkaupum sannfæringu almennings.

(Framhald).

Vöröld

kemur út á hverjum þriðjudegi.

Útgefendur og eigendur: The Vöröld Publishing Co., Ltd.

Vöröld kosta $2.00 um árið í Canada, Bandaríkjunum og á Íslandi. (Borgist fyrirfram.)

Ritstjóri: Sig. Júl. Jóhannesson

Ráðsmaður: J. G. Hjaltalín.

Skrifstofur: Rialto Block, 482½ Main Street—Farmers Advocate Bldg. (gengið inn frá Langside Street)

Talsími Garry 42 52, 2

Þættir úr sögu Lögbergs

ÞRIÐJI ÞÁTTUR.

Í síðasta þætti sýndum vér öllu sjáandi fólki stefnufestu Jóns Bildfells þar sem hann er sitt á hverri áttinni eftir því sem honum finst hagkvæmast. Lauriermaður eindreginn á meðan nokkur von er um að Laurier stefnan muni sigra, en Borden maður heill og óskiftur þegar Laurier er orðinn undir. Af líkum má það ráða að hann mundi verða frjálslynda flokkinum fylgjandi aftur ef hann sæi að sú stefna væri vænleg til þess að vinni—það er að segja ef hann héldi að nokkur mundi trúa því framar og taka mark á þótt hann segðist yfirgefa afturhalds flokkinn og verða frjálslyndur á ný. "Við bíðum og sjáum hvað setur," segir Þorst. Erlingson. Við bíðum og sjáum hvort Jón reynir ekki að snúa við blaðinu aftur fyrir næstu kosningar ef nokkrar líkur verða á því að frjálslyndi flokkurinn vinni þær.

Ummæli Jóns um Laurier og stefnu hans rétt fyrir síðustu kosningar höfum vér birt; ummæli hans um Laurier síðar og stefnu hans sem landráðastefnu höfum vér líka birt. En til þess að sýna hversu stutt var frá því að Laurier tapaði þangað til Jón snerist frá honum skulu hér sýndar þær veðurbreytingar sem áttu sér stað í Lögbergi undir eins eftir kosningarnar—í sjálfu Jólablaðinu.

Þar er undir eins farið að daðra við Heimskringlu og afturhaldið. Sönnun fyrir því er sú klausa sem hér birtist:

"Nú á síðari árum eru leiðandi menn þjóðanna að vinna að sameining, þykir flokkaskifting óþörf og jafnvel skaðleg. Kirkjudeildir eru að renna saman; fjármálamennirnir eru öðum að ganga í bandalag með banka sína, og stjórnmálamennirnir eru af kappi að reyna að sameina sig og innleiða þjóðstjórn er skipuð sé mönnum af öllum flokkum.

Hver veit nema þessi einingar hugsjón brjótist fram þegar minst varir hjá útgefendum íslenzku blaðanna, Lögbergs og Heimskringlu? Mission (!!) blaðanna með núverandi fyrirkomulagi fer óðum minkandi og hverfur með öllu innan fárra ára."

Jólablað Lögbergs 1918.

Þarna virðist oss vera óhrekjandi sönnun fyrir því að þegar frjálslynda stefnan var orðin undir þá hafi tafirlaust verið farið á stúfana til þess að leita sameiningar við Heimskringlu og komast undir verndarvæng afturhaldsflokksins sem þá var orðinn, og er enn, ráðandi flokkurinn í Ottawa.

17. desember 1917 varð frjálslynda stefnan undir; upp að þeim degi hafði Jón Bildfell eindregið fylgt þeirri stefnu; í fjarveru vorri sá hann um útkomu blaðsins, og 20. desember 1917 (þrem dögum eftir að afturhaldsflokkurinn vann) birtir hann ritstjórnargrein í blaðinu þar sem Heimskringlu er gefið undir fótinn með það að ef hún vilji láta tilleiðast þá muni ekki standa á Lögbergi til heilags hjónabands. Þetta minnir mann ósjálfrátt á manninn sem bað sér stúlku við jarðarför konunnar sinnar. Lögberg hafði staðið yfir moldum frjálslyndu stefnunnar 17. desember 1917 en 20. sama mánaðar stynur það upp bónorði á huldu við fröken Heimskringlu.

Og svo afsakar Jón Bildfell þetta og skýrir það eftir sínu hugarfari 5. október 1918. Þá birtir hann þetta á ritstjórnarsíðu Lögbergs:

"**Um kosningaúrslitin (17. des. 1917) þarf ekki að tala—þau eru öllum mönnum ljós fyrir löngu.—Hugsjónir Sigurðar Júlíusar, eða málstaður sá er hann barðist fyrir beið ósigur.. Union stjórnin var nú komin til valda—það sem hann óttaðist var nú orðið að virkileik.**"

Hér er ástæðan fyrir snúning Lögbergs skýrð: "**Union stjórnin var komin til valda.**" **Með öðrum orðum, af því frjálslynda stefnan var orðin undir þá var sjálfsagt að snúast á móti henni, og af því að afturhaldstefnan var orðin ofan á var það líka sjálfsagt að snúast með henni.**

Ef þetta er ekki rétt skilið vill þá herra ritstjórinn gera svo vel að skýra hvernig á því stendur að hann taldi Laurier og stefnu hans heilbrigða fram að 17. desember 1917 en fann það út að stefna hans var landráða stefna (og hann þarafleiðandi landráðamaður) eftir þann 17.

Einar Hjörleifsson sagði frá því einu sinni að hann stóð á gatnamótum í Reykjavík. Tveir hundar fóru að fljúgast á; þriðji hundurinn stóð þar álengdar og horfði á leikinn en veitti hverugum, þangað til annar hundurinn var undir þá stökk sá þriðji til og hjálpaði þeim sem ofan á var.

Sú klausa sem hér fer á eftir einkennir mjög núverandi ritstjóra Lögbergs, hún er einhver greinilegasta blekkingar tilraun er vér þekkjum.

"**Kosningaúrslitin voru ekki fyr orðin lýðum ljós en Sigurður kemur til baka og er þá tilbúinn að eta ofan í sig það sem hann segir í þessu bréfi; tilbúinn að halda áfram ritstjórninni og fylgja fram stefnu þeirri i landsmálum er stjórnarnefnd blaðsins fyrirskipaði.**"

Vér höfðum heyrt það á skotspónum að Jón Bildfell héldi því fram við menn að vér hefðum verið reiðubúnir að fylgja Lögbergi í snúningunum eftir kosningarnar, en vér trúðum því ekki; trúðum því ekki að jafnvel hann gengi svo langt á vegum blekkinganna og ósannindanna. Vér gáfum því þess vegna engan gaum og vér vorum of samvizkusamir til þess að birta það sem fram fór á fundi félagsins fyr en vér vorum neyddir til þess í sjálfsvörn. Bréfin sem fóru á milli vor og Lögbergs, og nú eru öllum til sýnis nægja til þess að sanna hver hér hefir á réttara máli að standa.

Eitt er það sem Jón Bildfell er margorður um og hann tekur sárt, það er skilningur hans á ummælum vorum um leigubílðin. Hann tekur kafla upp úr Vöröld sem þannig hljóðar: "Það að vera til uppboðs og sölu við hverjar kosningar ættu ekki að verða vinsælt hér eftir. Hvenær sem blað gerir sig sekt í þeim glæp við almenning ætti fólkið að beita þeirri hegningu sem það hefir í hendi sér; þeirri hegningu að segja blaðinu upp; hætta að kaupa það og vinna á móti því af alefli eins og hverri annari pest í dularklæðum. Og til þess að sýna fólkinu að hér hljóti að vera átt við Lögberg segir Jón Bildfell það sem hér fylgir:

"**Vill Sigurður Júlíus enn segja að vér höfum misskilið? Heldur hann að fólk yfirleitt sé svo skyni skroppið að það skilji ekki hvað hér er verið að gjöra?—að rægja Lögberg við kaupendurna. Þetta er svo ljóst að oss furðar stórum á því að mannræfillinn skuli vera að reyna að þræta fyrir það.**"

Jóni finst þetta vera svo rétt og sönn og glögg lýsing á Lögbergi að fólkið geti ekki verið svo skyni skroppið yfirleitt að þekkja ekki myndirnar. Með öðrum orðum honum finst sú lýsing eiga við Lögberg, að það fylgi þeirri stefnu, **að vera til uppboðs sölu við hverjar kosningar.**" Vér skulum ekki deila um það atriði við hann Jón, hann stendur miklu betur að vígi að vita það en vér.

(Framhald).

Frelsi Íslendinga í veði

(Framhald frá fyrstu síðu).

Vér ákveðum að hlutafjár upphæð nefnds félags skuli vera tuttugu þúsund ($20,000) dalir, sem skiftist í 2,000 (tvö þúsund hluti) tíu (10) dali hver og hafa nefndir sækjendur keypt af því og borgað þær upphæðir sem sjást aftan við nöfn þeirra hvers um sig, og eru þessir hlutir hér með veittir þessum umsækjendum, sem sé:

Arngrími Johnsyni	$10.00
Gunnlaugi Jóhannssyni	10.00
Hjálmari Gíslasyni	10.00
Sofoníasi Thorkelssyni	10.00
Halldóri J. Eastman	10.00

Að aðalskrifstofa félagsins skal vera í Winnipeg borg, og að fyrsta stjórnarnefndarfundi nefnds félags skuli vera verja Arngrímur Johnson, Hjálmar Gíslason, Sofonías Thorkelsson og Halldór Eastman og Gunnlaugur Jóhannsson.

Þessu til staðfestu höfum vér gefið út þessa stofnskrá og látið innsigla hana með hinu mikla innsigli Manitoba fylkis.

Það vottar hans hágöfgi Sir James Albert Manning Aikins, riddari, fylkisstjóri í fylki voru Manitoba. I stjórnaráðshúsi voru í borginni Winnipeg, 13. dag apríl mánaðar, árið nitján hundruð og átján eftir Kristsburð, og á áttunda stjórnar ári voru.

Samkvæmt skipun.

J. W. ARMSTRONG,
Fylkisritari.

Samt ems því hefir Jón Bildfell sent oss skjal það er hér birtist og það þýðir venjulega málsókn ef ekki er beðist friðar, sem tæplega verður gert í þessu tilfelli. Eina svarið sem hann fær frá oss verða gagnstefnur.

En nú er áríðandi fyrir fólkið að standa saman eins og einn maður. Jón Bildfell er ríkur maður; hefir grætt fé á skiftum við fólkið og þannig náð í peninga þess. Þá peninga getur hann nú notað til þess að kosta mál gegn Vöröld—blaði fólksins, sem er sama sem fólkið sjálft. Hann getur komið því til leiðar að Vöröld verði að kosta miklu til og í því skyni er leikurinn gerður; hann heldur ef til vill að það riði henni að fullu; en haldlítil mun hún reynast honum kápan sem hann sníður úr því klæðinu.

Samt sem áður ríður nú á því að allir menn og konur sem unna frjálsu blaði og sjálfstæði og vilja ekki láta fáa menn hafa alla Vestur-Íslendinga í vasa sínum að hefjist nú handa og leggi fram svo ríflega aðstoð þessu fyrirtæki að það verði miklu voldugra en áður—verði svo voldugt að óvinir þess sjái sér ekki fært að ráðast á það í neinni mynd.

Nú kemur það fram hversu mikið Vestur-Íslendingar vilja leggja á sig til þess að höggva af sér böndin. Vöröld þakkar þeim af alhug fyrir þá miklu og drengilegu aðstoð sem þeir hafa veitt og vonar að þeir horfi með ánægju og stolti til þess dags þegar þeir geta sagt: "Við stóðum eins og veggur með blaðinu okkar þegar reynt var að koma því fyrir kattarnef; við unnum eins og einn maður á móti þeim öflum sem vildu koma á einræði fárra manna hér hjá oss; við spöruðum hvorki tíma, ræður, starf né fé til þess að blaðið okkar yrði voldug stofnun; við hlupum þá undir merkin þegar mest reyndi á og við sjáum ekki eftir því; það var mesta heillasporið er við stigum á ævinni á opinberum brautum." Já þannig vonum vér að menn geti sagt framvegis.

Þótt málsóknir séu dýrar hér í landi og Jón treysti því á fátækt Voraldar þá leggjum vér út í baráttuna gegn honum, öruggir til þess að halda upp merki réttlætis og sannleika. Belgíumenn hefðu aldrei farið í stríð við Þjóðverja að fyrra bragði—heldur þolað allskonar yfirgang—en þeir urðu að taka á móti þegar á þá var ráðist. Vér hefðum aldrei hafið málsókn gegn ritstjóra Lögbergs að fyrra bragði—þó ekki væri nema vegna heiðurs Íslendinga.

Þegar á oss er ráðist þá förum vér Voraldar menn að dæmi Belgíumanna og látum hart mæta hörðu. Og vér vonum að bandamenn vorir—sem eru margir og drenglyndir—verði eins fúsir til liðveizlu og bandamenn Belgíu voru við þá. Ekki einungis í þeirri von heldur með þeirri vissu tökum vér óhræddir á móti því stríði sem oss er sagt á hendur.

Hér fer á eftir bréf það sem John J. Bildfell sendi lögregluna með til ritstjóra Voraldar og til formanns prentfélagsins Hecla Press, Ltd., herra Arngríms Johnsonar. Þess má einnig geta að hann lét senda annað samskonar bréf til Arngríms Johnsonar sem stílað var til Voraldar. Í hvaða skyni það var gert veit enginn því Arngrímur er ekkert við Vöröld riðinn heldur aðeins formaður Hecla Press, Ltd., Hér er bréfið:

"Takið eftir því að ég kvarta undan vissum ummælum birtum um mig eða viðvíkjandi mér í blaðinu Vöröld sem út kom tuttugasta dag ágúst mánaðar, 1918, eftir Kristsfæðing, með því þau eru meiðandi; ;sögð ummæli birtast undir fyrirsögninni: 'Fæðingar og harm kvæli,' og hljóða þannig:

'Vinnumaðurinn við Bordenstjórnarblaðið vill ekki viðurkenna að hann hafi rægt fyrverandi ritstjóra. Hvenær hefir nokkur maður viðurkent að hann væri rógberi? Þegar vér vorum nýlega teknir við ritstjórn Lögbergs byrjaði Jón Bildfell á þeirri stefnu sem vér óhikað nefnum rógburðarstefnu og hélt henni áfram þangað til hann sjálfur komst að blaðinu. Ef hann vill er vel komið að vér skýrum þetta nákvæmar.

Vinnumaður Bordenstjórnar blaðsins telur það fjarstæðu að hann hafi haft þau áhrif á stjórnarnefnd Lögbergs að þeir færu að hans ráðum; til þess hefði hann orðið að hafa þá í vasanum. Þarna skjátlast honum aftur.

Djöfsi gamli hafði ekki alla englana í himnaríki í vasa sínum og samt tókst honum það sem hann gerði—með rógburði. Allir muna hvað það var.'

"Og ég kvarta einnig yfir eftirfylgjandi ummælum, birtum um mig eða viðvíkjandi mér í sömu grein í sama tölublaði Voraldar sem æru meiðandi:

'Mikil fjarstæða og fúlmenska finst vinnumanninum það að væna hann um þýzku peninga söguna. En megum vér spyrja: Hver var líklegastur til þess að smíða slíka sögu ef ekki sá sem vér álítum að hafa setið á svikráðum við oss atvinnulega? Lögreglan í Winnipeg getur borið um að sagan var til og einhver hlaut að vera höfundur hennar. Hver var það? Var ekki eðlilegt að halda að sá mundi ef til vera það sem seinna kom með Rínargulls (þýzka gulls) söguna í sambandi við Vöröld?

Illa er vinnumanni Borden blaðsins við það að vera kendur við Transcona. Velcomið að gera honum það til þægðar að kenna hann heldur vi Midland. Það mun eiga alveg eins vel við. Vinnumaðurinn segir að ritstjóri Voraldar hafi farið á hausinss af fasteigna braski.—Hann hafði enga skólasjóði með tugum þúsunda til þess að fleyta sér áfram.

Ef til vill muna Vatnabygðarbúar eftir tveimur mönnum er á sama tíma ferðuðust um nýlenduna; annar fór bæ frá bæ á hraðfara flutningstækjum til þess að safna fé frá fólki, hinn fór með læknistösku sína að sinna veiku fólki.

Af aulaskap segir vinnumaðurinn að það sé sprottið að ritstjóri Voraldar sé í litlum efnum. Af kristilegum kærleika er það að líkindum sprottið að ritstjóri Lögbergs er ríkur.

Samt minnir oss nú að Júdas væri eini postulinn sem hafði fjárráð og einhverstaðar höfum vér lesið það að þeir hafi ekki allir verið aular í heiminum sem ekki voru ríkir.'

"Og veitið því ennfremur eftirtekt að ég einnig kvarta um viss ummæli birt um mig, eða snerta mig í því tölublaði Voraldar, sem út var gefið tuttugasta og sjöunda dag ágúst mánaðar, 1918 eftir Krists fæðing, og eru þau ummæli þannig:

'Feiti maðurinn við Lögberg telur það til ámælis þeim Bjarna Júlíusi og G. P. Thordarsyni að þeir skuli vera þektir fyrir að þeysa um bygðir á reiðskjóta Voraldar sem ekki sé eins feitur og gæðingur Bordenstjórnarinnar. Vér munum þó svo langt að vinnumaðurinn taldi Guðmund Thordarson með mönnum, en þá var hann líka ríkari og heppilegt fyrir fasteignasala að haga sér eftir kringumstæðum, en minna upp úr því að hafa að vera vinur hans nú. Annars höldum vér að þessir menn báðir, C. B. Júlíus og G. P. Thordarson séu eins vel þektir meðal Íslendinga og feiti maðurinn á Borden-klárnum.—Já, þær komast í hold skepnurnar sem hleypt er í Transcona engin, Midland brekkurnar og Borden túnin.'

"Og ég kvarta einnig undan eftirfarandi ummælum, birtum um mig eða snertandi mig í sömu grein í sama tölublaði Voraldar, sem eru meiðandi:

'Vér tökum það fram að vér höfum ekki neina tilhneigingu til þess að ráðast á Lögberg, en oss sárnaði að það skyldi yfirgefa stefnu sína, oss var ant um sóma þess og þótti vænt um það áður en það snerist. Og að því er stjórnendur þess snerti þá tökum vér það fram enn að oss féll vel við þá alla að undanteknum Jóni Bildfell sem vér álítum æfinlega að sæti á svikráðum við oss. Vér töldum það óhjákvæmilegt að tukta hann til einu sinni eftir alt moldviðrið í Lögbergi.'

"Og takið enn fremur eftir því að yður er þetta tilkynt samkvæmt "meiðyrðalögum" Manitoba, endurskoðuðum 1913, í 113 kapitula og viðauka við þau lög.

Dagsett í borginni Winnipeg, í fylkinu Manitoba, þennan tuttugasta og þriðja dag september mánaðar, 1918, eftir Krists fæðingu.

JOHN J. BILDFELL,
Columbia Block, 853 Sherbrook Street,
Winnipeg, Manitoba."

"Til Útgáfufélagsins Voröld,
Rialto byggingin, 482½ Aðalstræti,
Winnipeg, Manitoba."

GLAÐAR STUNDIR

JÓNS BJARNASONAR SKÓLI

I.

var settur á miðvikudaginn í skólasalnum. Séra R. Marteinsson, skólastjóri, stóð fyrir þeirri athöfn. Hann er auðvitað skólastjóri áfram; séra Hjörtur Leo og ungfrú Þorstína Jackson, kennarar. Á skólanum eru þegar margir nemendur og líkur til að hann verði eins fjölsóttur og í fyrra. Hefir skólinn getið sér ágætt nafn og ætti að eiga góða framtíð; kennararnir eru allir stöðu sinni vel vaxnir, og í það er mikið varið. Skólastjórinn sjálfur einstakt ljúfmenni.

Skólahátíðin fór fram í fyrstu lútersku kirkjunni um kveldið og var hin bezta. Ræður fluttu þau þar séra Jónas Sigurðsson og ungfrú Hólmfríður Árnadóttir. Voru þær báðar góðar og mjög eftirtektaverðar að ýmsu leyti.

II.

Ungfrú Hólmfríður Árnadóttir flutti nýlega fyrirlestur í Skjaldborg og sýndi þar margar myndir að heiman. Þessi samkoma var vel sótt, enda átti hún það skilið, því erindið var bæði uppbyggilegt og myndarlega flutt, og myndirnar vel valdar. Fanst mörgum sem þeir væru í anda komnir heim á fornar stöðvar og fóru víst heim glaðir og ánægðir. Hólmfríður kom vel fyrir, er alíslenzk í allri framkomu.

Fyrirlestrinum hefir hún lofað Vöröld síðar.

Kvenmaður óskast til þess að halda hreinum þremur herbergjum í stórhýsi. Upplýsingar á Vöröld.

Frá byrjun

Það eru til enn nokkur eintök af Vöröld frá byrjun. Ef þig langar til að eiga blaðið frá því það fyrst kom út þá skrifa nú þegar.

Send miðan sem fylgir:

Vöröld Publishing Co., Ltd.
482½ Main St., Winnipeg.

Kæru herrar:—

Hér með fylgja $2 fyrir fyrsta árg. Voraldar, sem ég mælist til að fá frá byrjun.

Dagsetning .....

Gœði hjá Story & Story's

Á tímum sem þessum þegar gæði ullarinnar, og verknaðarins er ávalt að falla í þúsundum verslana, vegna síaukins vefnaðar kostnaðar—viljum vér minna yður á að það er í það minsta ein verzlun í þessum bæ—

ÞAR SEM verknaðurinn enn er á háu stigi.

Þar SEM verð er enn reiknað á virkilegu kostnaðargildi

OG ÞAR SEM hin gömlu gæði eru enn fáanleg og munu fáanleg.

Hobberlin föt gerð af klæðskerum eda búin til notkunnar

$25 til $75

Story & Story

THE HOUSE OF HOBBERLIN LTD.

Tailors to the Canadian Gentleman

350 Portage Ave.

Hvað eru Röntgens-Geislar

—

Í ritgerð um Röntgens-geisla í síðasta hefti Skírnis bls. 49—50, segir Gunnlaugur Claessen, að menn álíti, að Röntgens-geislranir séu annaðhvort sveiflur í ljósvakanum með mjög stuttri sveiflulengd eða straumur af örsmáum efnis-ögnum. Á mjög svipaðan hátt lýsir próf Á. H. Bjarnason í ritgerðinni: "Heimsmyndin nýja" í öðru hefti Iðunnar (október 1915), bls. 126—137, hugmyndum manna um alfa-geislana, sem sum radíóaktíf (geislamögnuð) efni senda frá sér, en alfa-geislarnir eru sams konar geislar og Röntgens-geislarnir.

Lýsingr þessara á hugmyndum manna [illegible] eru þó ekki alveg réttar, ef átt er við nútíðarskoðanir manna. En hins vegar má þær til sanns vegar færa ef miðað er við skoðanir manna fyrir 4 árum síðan, því að þá voru þannig tvískiftar skoðanir manna um hið innra eðli Röntgens-geislanna. Að vísu voru þeir, sem héldu því fram, að Röntgens-geislarnir væru öldugangur í ljósvakanum, eigi öldungis sammála, því að sumir, einkum enskir eðlisfræðingar, álitu, að Röntgens-geislarnir væru óregluleg öldurheyfing, sem á sinn hátt svaraði til hinna reglulegu ljósaldna eins og hvellir eða skarkali til reglulegra tóna hjá hljóðbylgjunum; en sumir þýzkir eðlisfræðingar voru þeirrar skoðunar, að geislarnir væru reglulegar öldur, að eins miklu styttri en venjulegar ljósöldur. Gagnstætt þessum skoðunum var það álit sumra, að Röntgens-geislarnir væru örlitlar agnir, rafmagnslausar og á harða flugi, í líkingu við það, að kaðódu- og betageislar eru mjög litlar agnir með negatífu rafmagni, en alfa- og kanal-geislar nokkru stærri agnir með pósitífu rafmagni. Þessi efniskenning um Röntgens-geislana var fyrst flutt og síðar haldið fram með miklum dugnaði af Bragg, þá prófessor í eðlisfræði suður í Ástralíu. Var máli hans meiri gaumur gefinn fyrir því, að hann var þá nýlega orðinn heimskunnur fyrir rannsóknir á útbreiðslu alfa-geislanna.

Þó margt mætti færa þessum skoðunum til gildis, þá vantaði þó tilraunir, er sýndu það ótvírætt, hver skoðunin væri rétt. Sú eina tilraun, er virtist gata úr þessu skorið, var gjörð af [illegible] Barkla, en var hún í því fólgin að mæla hraða Röntgens-geislanna. Honum taldist svo til eftir mælingunum, að þeir færu með sama hraða og ljósið eða 300,000 km. á sekúndu. Væri þetta rétt, var með því fengin nokkurn veginn vissa fyrir því, að Röntgens-geislarnir væru öldugangur í ljósvakanum; því að það er lítt hugsanlegt, að efnisagnir geti farið með hraða ljóssins. En margir drógu í efa, að tilraun Marx væri svo ábyggileg, að hún gæti talist óyggjandi sönnun þess, að Röntgens-geislarnir færu með sama hraða og ljósið; svo að hver hélt sinni skoðun þrátt fyrir þessa tilraun.

Deilu þessari um eðli Röntgens-geislanna svipar í mörgu til deilunnar um eðli ljóssins, eftir að Newton hafði getið þess til, að það væri smáagnir á flugi, en Huygens hins vegar haldið því fram, að það væri nokkurs konar öldugangur. Sú deila var til lykta leidd, er menn athuguðu, að ef ljósið væri öldurheifing, þá ætti það sumstaðar að hverfa, en aftur vaxa annarstaðar, þegar ljósöldum slær saman, sem koma frá sama ljósgjafanum með lítlu millibili. Athuganir og tilraunir leiddu í ljós, að þannig var það, og menn urðu að faliast á skoðun Huygens. Af þessum samskætti (interferens) ljósaldanna orsakast litbrigðin, sem sjást, þegar ljós fellur á þunn, gagnsæ lög, t. d. sápubólur, brá á vatni, loftlagið, sem kemur er glerflaskast, og lögin í skelplötum. Hið endurkastaða ljós kemur þá sumt frá þeirri hliðinni, sem ljósið fellur fyrst á, en sumt frá þeirri hlið lagsins, sem fjær er. Þetta ljós hefir orðið að fara lengri leið en hitt, sem sé fram og aftur gegnum þunna lagið. Það er því orðið á eftir og slæst nú saman við ljós sem síðar fór frá ljósgjafanum, og endurkastast þefir frá framhlið lagsins. Við samslátt þessara tveggja öldurheyfinga hverfur alt ljós nema einstöku litir, sem hafa bylgjulengd, er á við þykt lagsins. En enn þá reglulegri og glöggvari verða áhrifin af samslætti ljósaldnanna, þegar gjörðar eru fjöldamargar mjóar rákir, og með jöfnum millibilum, á glerplötu. Falli hvítt ljós á þannig rákaða glerplötu, sjást allir litir friðarbogans í réttri röð. Annars má fá svipuð áhrif af samslætti ljósaldnanna með mörgu móti, t. d. með því að setja mörg göt á þunna málmplötu í reglulegum röðum. Þegar ljós fellur á plötuna, má sjá alls konar litbrigði hinum megin við hana. Að eins er það skilyrðið, að götin séu öll eins að lögun og sett niður með jöfnum millibilum, og mega bil þessi eigi vera að mun stærri en bylgjulengd ljóssins.

Auðvitað lék mönnum hugur á að gjöra tilraunir með Röntgens-geislana, svipáðar tilraunir með samslátt ljósbylgnanna. Lengi sáu menn þó enga ráð til þess. En 1912 varð breyting á þessu; þá datt þýzkum manni, Max v. Laue, í hug að nota til þess krystalla. En krystallar er það kallað, þegar efnin taka á sig séréstaklega reglulega lögun með hvössum brúnum og sléttum flötum. Alþektir eru silfurbergskrystallar, en fremur er brendisykur (kandís) og sódi oft í stórum krystöllum, en hjá hvítasykri og salti eru krystallarnir miklu minni. Langt er síðan sú skoðun kom fram, að orsökin til þessarar reglulegu lögunar krystallanna væri sú, að efnislögnunum (mólikúlunum) í þeim væri niðurskipað í reglulegar raðir, en í öðrum efnum væri engin regla á þessum ögnum. Ef nú Röntgens-geislarnir væri öldurheyfing með bylgjulengd á borð við bilið á milli mólikúlna krystallanna, þá datt Laue það í hug, að vel gæti verið, að krystallarnir kæmu til leiðar samslætti hjá Röntgens-bylgjunum á svipaðan hátt og rákaða glerplatan eða gataða málmþynnan getur orsakað samslátt hjá ljósbylgjunum. Hann fékk þess vegna því til leiðar komið að þeir Friedrich og Knipping gjörðu tilraun með að láta mjóan Röntgens-geisla falla á þunnan krystall. Á myndaplötu, sem sett var bak við krystallinn, hefði nú mátt búast við, að kæmi einn dökkur díll, ef mólikúlur krystallsins hefðu orsakaði nokkurn samslátt hjá Röntgens-bylgjunum. En við tilraunina kom það í ljós, að auk miðdepilsins voru á plötunni smádeplar raðaðir eftir vissum reglum alt í kringum miðdepilinn. Deplar þessir komu af því, að samsláttur hafði orðið hjá Röntgens-bylgjunum, og voru órækir vottar þess, að Röntgens-geislarnir eru bylgjuhreyfing í ljósvakanum.

Síðan hafa verið gjörðar tilraunir, svipaðar þessari, margsinnis og með mörgu móti. Og hafa þær allar sýnt það sama, að Röntgens-geislarnir eru með eins mikilli vissu öldugangur í ljósvakanum og ljósgeislarnir eru það. Af tilraununum hefir einnig verið hægt að reikna út bylgjutegund Röntgens-geislanna, og hafa mælingar sýnt að Röntgens-bylgjurnar eru miklu styttri en ljósbylgjurnar. Þær eru svo miklu styttri, að allir þeir hlutir, sem oss sýnast sléttir, eru mjög ósléttir of hrufóttir fyrir Röntgens-geislana. Þess vegna getur eigi verið að tala um reitti reglulegt endurkast eða speglun hjá Röntgens-geislunum.

Menn vissu áður, að ljósöldurnar eru rafmagnsbylgjur; nú vita menn að Röntgens-geislarnir eru einnig rafmagnsbylgjur, munurinn að eins sá, að sveiflurnar eru tíðari og bylgjurnar styttri. En svo eru enn kunnar rafmagnsöldur, sem eru miklu lengri en þessar báðar. Það eru þær rafmagnsbylgjur, sem fyrst urðu kunnar af tilraunum Hertz; en áður hafði þó Maxwell með reikningi sýnt fram á, að þær bylgjur gætu verið til. Þessar rafmagnsbylgjur urðu mest kunnar eftir að Marconi tók að nota þær til að flytja loftskeyti. Allar þessar rafmagnsbylgjur eru að því leyti líkar, að þær fara með sama hraða í lofttómu rúmi. Þær fara allar með ljóssins hraða eða 300,000 km. á sekúndu. En mikill er munurinn á bylgjulengd þeirra. Rafmagnsbylgjur þær, sem notaðar eru við loftskeytin, eru meira en kílómetri á lengd. Þykir gott að hafa þær langar, því að þær beygja þá betur fyrir allar mishæðir. Þó er hægt að framleiða rafmagnsöldur, sem eru eigi meira en ½ cm. á lengd. Grænt ljós er aftur rafmagnsöldur, sem eru svo stuttar, að það þurfa 2 miljónir af þeim til að ná einum metra að lengd. Í rauðu ljósi og þó einkum í hinum ósýnilegu hitageislum eru rafmagns öldurnar talsvert lengri, en fjólublátt ljós hefir hins vegar styttri bylgjulengd. Þó er langt stökk þaðan niður að þeim rafmagnsbylgjum, sem mynda Röntgens-geislana, því að bylgjulengd Röntgens-geislanna er hér um bil þúsund sinnum styttri en bylgjulengd venjulegs ljóss.

Tilraunirnar með að athuga áhrifin, sem krystallar hafa á Röntgens-geisla, hafa eigi að eins orðið til þess að færa mönnum heim sanninn um það, að þessir geislar eru rafmagnsbylgjur, og hægt er að mæla bylgjulengd þeirra, heldur hafa [illegible] sýnt, að rétt var það hugboð manna, að mólikúlunum í krystöllunum er niður raðað mjög skipulega. En eins og við mátti búast, fer það mjög eftir krystallagjörðinni, hvernig mólikúlunum er niðurskipað. Með Röntgens-geislunum er hægt að sjá nákvæmlega hvernig niðurskipun mólikúlnanna er. Að vísu eru þessar tilraunir allerfiðar og taka langan tíma, en þó vita menn nú, hvernig margir krystallar eru bygðir, því að margir vísindamenn störfuðu að þessum rannsóknum, áður en stríðið hófst, en síðan hefir heldur orðið hlé á þessum rannsóknum. Af þeim vísindamönnum, sem mest hafa rannsakað byggingu krystallanna á þenna hátt, má fyrst og fremst nefna prófessor Bragg, sem áður hefir verið nefndur og fyr hélt fram efniskenningunni um Röntgens-geislana, og son hans W. L. Bragg. Prófessor Bragg er nú fluttur til Englands og er prófessor í eðlisfræði í Leeds.

Eins og kunnugt er, var frestað að úthluta Nóbelsverðlaununum árið 1914 en í vetur var úthlutað verðlaunum fyrir bæði árin 1914 og 1915. Verðlaunin í eðlisfræði fyrir árið 1914 fékk M. v. Laue, sem nú er orðinn prófessor í eðlisfræði í Frankfurt. Í sumum blöðunum [illegible] verðlaunin í vetur, var Laue sagður prófessor í læknisfræði, en það er ekki rétt. Verðlaunin í eðlisfræði fyrir 1915 fengu feðgarnir Bragg. Þessi tvenn verðlaun hafa því aðallega verið veitt fyrir rannsóknir, er snerta áhrif krystalla á Röntgens-geisla.

Akureyri, 24. febrúar 1916

Þorkell Þorkelsson.
(Skírnir).

18-A-44 HARRY MOREY AND BETTY BLYTHE
in Vitagraph Blue Ribbon Feature
"A GAME OF FATE"

Sem verður sýnt á Macs leikhúsinu á mánudag og fimtudag.

Business Course

er herðp nútímans—Allir keppast við að hafa meiri eða minni þekkingu á verzlunarmálum.

TÆKIFÆRIN VIDA

Alstaðar skortir menn og stúlkur með reynslu og þekkingu, þó hvergi eins og í verzlunarhúsum og á skrifstofum

GÓDAR STÖDUR BIDA

þess sem aðeins undirbýr sig.

Marga langar til að fara á verzlunarskóla, sem eiga við erfiðleika að stríða, þeim býður "Veröld"

FYRST—10 prósent afslátt af sex mánaða námsgjaldi á einhverjum af þremur beztu verzlunarskólunum hér í Winnipeg.

ANNAD—þægilega borgunar skilmála.

ÞRIDJA—Tækifæri til að vinna af sér námsgjaldið.

SKRIFID TIL VORALDAR

Þetta er aðeins fyrir áskrifendur.

GÓÐAR BÚJARÐIR

Vér getum selt yður bújarðir smáar og stórar eftir því sem yður hentar, hvar sem er í Vestur Canda. Þér getið fengið hvort sem þér viljið ræktað land eða óræktað. Vér höfum margar bújarðir með allri áhöfn, hestum, vélum, fóðri og útsæði. Þarf ekkert annað en að flytja þangað. Þægileg borgunarskilyrði. Segið oss hvers þér þarfnist og skulum vér bæta úr þörfum yðar.

DOMINION FARM EXCHANGE.
815 Somerset block, - Winnipeg

EKKERT íslenzkt heimili ætti að vera án barnablaðs.

EKKERT hjálpar eins vel til að halda við hljómfagra málinu okkar hér vestra; eins og skemtilegt barna og unglinga blað.

EKKERT hefir eins góð og heilnæm áhrif á hugsanir barna og unglinga eins og góðar sögur og ritgerðir í blaði sem þau álíta sitt eigið; sem þau una við og gleðjast yfir.

EKKERT hefir skort eins tilfinnanlega hér á meðal Vestur-Íslendinga eins og einmitt sérstakt barna og unglinga blað.

Þessvegna er "Sólöld" til orðin. Enginn sem ann viðhaldi íslenzks þjóðernis ætti án "Sólaldar" að vera.

KAUPID "SÓLÖLD I DAG.

SHERWIN-WILLIAMS PAINTS & VARNISHES

COVER THE EARTH

ÞEGAR ÞÚ MÁLAR ÞÁ NOTIÐ MÁL sem samsvarar verki og kostnaði

Með öðrum orðum veldu málið sem heifr sannað gildi sitt með veruleika. Hin miklu [illegible]rnbrautarfélög Canada, gufu[illegible]kipafélögin, strætisvagnafél[illegible]ögin, húsgagna verksmiðjur, [illegible]ljóðfæra verksmiðjur og bif[illegible]iða verksmiðjur nota ákaf[illegible]ega mikið af

Sherwin-Williams VÖRUM

Þær hafa fengið sönnun fyrir því að vér búum til mál og áburð sem hentugt er fyrir bæi, land og loftskip í Canada. Og vegna þess að SWP hefir sannað gæði sín og Sheræyn Williams vörur hafa ávalt reynst vel býr þetta félag nú til meira af máli og áburði en nokkurt annað félag í brezka ríkinu. Vér höfum allar tegundir af Sheræyn Williams máli og áburði. Biðjið oss um litaspjöld, verð eða hvaða aðrar upplýsingar sem þér þurfið.

SVEINN BJÖRNSSON
GIMLI, MAN.

Barna- kvenna og karlmanna fatnaður ávalt með sanngjörnu verði. Skór, stígvél og flest annað sem að klæðnaði lýtur mun reynast endingarbezt, ódýrast og smekklegast ef keypt er hjá

S. BJÖRNSSYNI, Gimli, Man.

Kaupið "White Rose" Gasoline fyrir bifreiðar ykkar, það er bezt og ódýrast að fillingarstöðinni á horninu á Central stræti og 3rd ave., Gimli, Man.

S. BJÖRNSSON.

HECLA PRESS, LTD.
Phone G. 4252.

Smátt eða stórt ef það aðeins lýtur að prentverki

MUN ÁVALT BEZT AF HENDI LEYST OG FYRIR SANNGJARNAST VERÐ

hjá

HECLA PRESS, LTD.
Farmers Advocate Bldg. Winnipeg.

DOMINION BUSINESS COLLEGE Ltd.

Nýtt tímabil nú byrjað.

DOMINION BUSINESS COLLEGE Ltd.

VERÐIÐ SÉRFRÆDINGUR Í HRADRITUN

Þér mun þykja hraðritun skemtileg og viðfeldið verk. Kaup æfðra hraðritara er frá $75 til $125 um mánuðinn. Nú er mikil eftirspurn eftir hraðriturum og hægt að ráða þá í góða stöðu. Vér léggjum sérstaka stund á hraðritun og látum yður vera undir gæzlu sérfræðinga sem geta litið eftir yður hvers um sig og fullkomnað þannig námið. Nóg rúm er ákvarðað handa hverjum nemenda. All engin þrengsli.

VERDID SÉRFRÆDINGUR Í BÓKHALDI

Stríðið hefir vaðið því að margar stöður eru lausar í þeirri grein. Vel æfðir bókhaldarar fá góðar stöður og góð laun. Fjöldi manna og kvenna sem hjá oss hafa lært hafa nú stöður fyrir $75 til $100 á mánuði. Skoðið þér nafnaskrá þeirra sem hjá oss hafa lært og hlotið góðar stöður.

Fleiri bókhaldara, yfirskoðunarmenn, o. s. fr. hafa komið frá skóla vorum en nokkrum öðrum skóla í Vestur Canada. Árangurinn segir söguna.

EINSTAKLINGS KENSLA VEITT

dag kensla

af aðalkennurum sem eru sérfræðingar hver um sig. Vér ráðum enga nemendur eða lélega kennara að þessum skóla. Þér fáið það sem bezt er til við Dominion skólann. Næg rúm ætlað hverjum nemenda. Spyrjið, skrifið eða símið eftir upplýsingum.

kveld kensla

DOMINION

Business College Ltd.

Carlton Building.
COR. CARLTON AND PORTAGE
Uppi yfir Holt Renfrew Co.
Talsími M. 2529.

DOMINION BUSINESS COLLEGE Ldt.

DOMINION BUSINESS COLLEGE Ldt.

Meðmæli frá leðiandi embættis og starfreksmönnum.

HARÐGEÐJAÐA KONAN

SAGA EFTIR MARGRET DELAND.

G. Arnason þýddi.

selt til ruslasala; en í staðinn hafði hún keypt rósviðar húsgögn, útskorin og með gyllingum, sem þá var siður að hafa í húsum; og hún hafði valið það dýrasta, sem unt var að fá. Á milli glugganna í hvorum enda stofunnar voru speglar í afarstórum gyltum umgjörðum, og fyrir gluggunum voru þung yfirtjöld og önnur úr rauðum glitvefnaði. Stórt píanó stóð þversum milli marmarastoðanna og á veggjunum á móti eldstoðunum héngu ljórar stórar olíumálaðar landslagsmyndir. "Herbert þykir vænt um myndir," hafði hún sagt við sjálfa sig, þegar hún keypti myndirnar. "Ekki gæti Molly Wharton flónið það, keypt þær handa honum." Það eina, sem var aðlaðandi í þessari skrítnu stofu var teiknibord Nönnu litlu. Á því stóð vandvirknisleg og mjög nákvæm eftirmynd, gerð með blýanti, af einhverri algengri litmynd. Á þeim tíu árum, sem liðin voru síðan frú Maitland hafði eytt fé sínu fyrir húsbúnað—og það var sú eina eyðsla, sem hún hafði gert sig seka í—höfðu rósirnar á gólfdúknum fölnað og allir litir fengið daufari blæ; en breytingin var samt ekki nóg til þess, að alt hið dýra og ljóta skraut stofunnar væri ekki nógu bjart og skínandi í augum hennar. Hún rendi augunum ánægjulega yfir húsbúnaðinn um leið og hún bauð gesti sínum sem var annars hugar, að fá sér sæti

"Hvernig kunnið þér við yður hér í Mercer?" spurði hún um leið og hún fór að prjóna af kappi.

"Vel; það er bara dálítið mikill reykur hér," svaraði frú Richie, og leit á klukkuna.

"Bærinn væri illa kominn án reyksins," sagði frú Maitland. "Þér ættuð að læra, eins og égí að láta yður þykja vænt um reykinn. Mér þykir góð af honum lyktin, gott af honum bragðið og gott að finna hann í kringum mig."

"Getur það verið?" sagði frú Richie lágt; hún horfði á klukkuna.

"Þessi reykur, skal ég segja yður, er eldstólpi þessa lands. Þér vitið hvað það þýðir, ef þér lesið biblíuna. Mér dettur það æfinlega í hug, þegar ég lít á reykháfana á verksmiðjunni minni."

Það var auðséð að frú Maitland geðjaðist ekki að hinum meinhwgu aðfinnslum gests síns; en frú Richie tók ekki eftir því. "Ég held ég verði að fara á járnbrautarstöðina og mæta börnunum þar," sagði hún og stóð upp.

"Ég er hrædd um að þéré séuð ekki skynsöm kona," sagði Sara Maitland; og frú Richie settist niður aftur. "Ferguson kemur með þau hingað. Og þessi klukka er hálftíma of sein. Þau yrðu komin heim áður en þér kæmust á járnbrautarstöðina." Hún hló með sjálfri sér. Fyndni hennar var ávalt heldur klaufaleg. "Eg hefi verið að taka eftir því hvað oft þér lítið á klukkuna," sagði hún og leit á hana sjálf, en gretti sig dálítið, því tíminn eyddist til ónýtis í þessa bið eftir börnunum. En hún gat ekki að sér gert að brosa, þegar hún leit á þessa fallegu konu, sem sat þarna í ákafri eftirvæntingu. "Þér eruð falleg," sagði hún; ;og frú Richie hrökk við og roðnaði eins og lítil telpa. "Ef að Robert Ferguson hefði augun opin," hélt hún áfram, en hætti til að taka upp lykkju. "Hann er dálítið skrítinn. Finst yður það ekki?" Frú Richie vissi ekki hvað hún átti að segja. Það fár eitthvað út um þúfur fyrir honum þegar hann var ungur, þegar hann var nýkominn út úr skóla. Eitthvert hrun. Ástamál, býst ég við. Hafið þér tekið eftir því að flest sem aflaga fer í heiminum, er kvenfólkinu að kenna? Hann hefir aldrei náð sér aftur. Hann sagði mér einu sinni að lífið skyldi ekki leika aftur á sig. "Það er eins og við séum altaf að setjast niður og að lífið kippi undan okkur stólnum," sagði hann, "en það skal ekki gera mér þann grikk oftar en einu sinni." Hann er ekki fljótur að trúa manni fyrir leyndarmálum sínum, en ég þóttist skilja þegar hann var búinn að segja mér þetta. Og nú hefir hann Elízabet til að sjá um."

"Hún er elskulegt barn," sagði frú Richie og brosti, "þó að ég verði að kannast við að henni er ekki mikið um mig gefið; ég er hrædd um að henni geðjist hreint ekki vel að mér.

Augabrúnirnar á frú Maitland lyftust. "Hún er eins og eldfjall sem á eftir að gjósa. Robert Ferguson ætti að gifta sig og gefa henni fóstru." Hún leit aftur á frú Richie eins og til að virða hana fyrir sér. "Slæmt að hann skuli ekki hafa augun opin."

"Ég held ég heyri vagnaskrölt," sagði frú Richie fremur kuldalega. Svo gleymdi hún frú Maitland og stóð titrandi og beið. Augnabliki síðar kom eFrguson með öll börnin syfjuð og hálfskælandi inn í stofuna, og frú Richie tók Davíð litla í faðm sér og grét með honum. "Ó, Davíð, elsku drengurinn minn!! Hvernig gaztu gert mömmu þína svona hrædda?"

Hún lá á hnjánum fyrir framan hann, og tárin og kossarnir féllu á glóbjart, úfið hárið á honum, en hann faldi óhreint andlitið við fannhvítt kniplinga treyju brjóstið og orgaði af öllum mætti. Frú Maitland stóð hjá eldstæðinu með hendur á síðum og horfði á; hún tók vel eftir öllu. Blair, svangur, syfjaður og hræddur stóð eins nálægt frú Richie og hann gat, reyndi að ná í hendina á henni og fela sig á bak við hana; hann gaut augunum við og við til móður sinnar, en forðaðist að líta framan í hana.

"Blair, farðu að hátáta," sagði hún.

"Við Nanna þurfum að fáá eitthvað að borða," sagði hann í hálfum hljóðum.

"Þið fáiáð engan mat. Strákar sem leggja af stað í ferðalag rétt þegar á að fara að borða kvöldmat, geta útvegað sér mat sjálfir, eða verið matarlausir."

"Það var mér að kenna, mamma," sagði Nanna.

"Nei, það var ekki!" greip Blair fram í og hætti að fela sig á bak við frú Richie; það var *ég* sem kom henni til þess."

"Burt með ykkur!! Farið þið bæði að hátta," sagði frú Maitland. En þegar börnin voru kominn út úr stofunni, sló hún á lærið og rak upp skellihlátur.

Morguninn eftir læddust börnin hægt og hljóðlega inn í borðstofuna; þau voru enn hrædd. Frú Maitland veitti þeim enga eftirtekt; hún var niðursokkin í að reyna að lesa morgunblaðið sem hún hafði reist upp við kaffikönnuna.

"Setjist þið niður," sagði hún, þegar hún tók eftir. Mér líkar illa við krakka sem fara seint á fætur. — Blessa, drottinn, gjafir þínar, svo þær komi oss að notum, og sjálfa oss í þinni þjónustu og þér til dýrðar. Amen. — Harris kveiktu á gasinu!"

Dagsljósið var altaf fremur dauft í Mercer, og á haustin lagðist gulleit þoka eins og farg ofan áá reykinn og ýtti honum niður í dalinn milli hæðanna, þar sem bærinn stóð, og þá varð dagsljósið svo dauft að það lýsti ekki nóg, jafnvel um miðjan daginn. Þá brann blaktandi gasljósið í borðstofunni, eða skrifstofunni, allan daginn. Nú féll birta þess á tvö óttaslegin lítil andlit. Einu sinni leit Blair spyrjandi augum á Harris, og þegar hann kom með diskinn hans, gat hann komið því við að spyrja í lágum hljóðum hvert móðir sín væri reið. Harris gaut til augunum en sagði ekki neitt, og bæði börnin fölnuðu. En þegar frú Maitland böglaði blaðið sama og fleygði því á gólfið, var enginn reiðisvipur á andlitinu á henni. Sannleikurinn var sá, að hún hafði steingleymt því, sem kom fyrir kvöldið áður, og það var hræðsla barnanna, sem minti hana á, að ávítur og hegning mættu ekki undan dragast. Hún stóð upp frá borðinu og staðnæmdist fyrir aftan þau; svo bar hún vísifingurinn upp að munninum og beit í hann, eins og hún væri að hugsa sig um hvernig hún ætti að byrja. Þesis þögn kom börnunum til að skjálfa af kvíða. Nanna muldi brauðið sitt, og Blair bar tóma skeiðina jafnt og stöðugt upp að munninum. Harris stóð í eldhúsinu, yfir sig kominn af vorkunsemi, og teygði á sér magran hálsinn til að geta séð inn með hurðinni.

"Börn!"

"Já," sagði Nanna með skjálfandi rödd.

"Snúið þið ykkur við."

Þau snéru sér við, og Nanna fór að gráta; Blair snéri hnapp á treyjunni sinni svo að fingurnir hvítnuðu.

"Komið þið inn í herbergið mitt."

Börnin stóðu á öndinni af hræðslu. Svefnherbergi frú Maitland var altaf óskemtilegt í augum þeirra beggja. Þar var vanalega dimt inni, því að neðri helmingarnir af rimlahlerunum, sem voru fyrir glugganum, voru oftast nær lokaðir; en það sem var hræðilegast af öllu þar inni var það, að á bak við lokuðu glerhurðirnar á bókaskápnunum fanst þeim vera eitthvað dularfult, sem fylti þau með innilegum ótta. Æfinlega þegar þau komu þar inn, horfðu þau bæði hálf-hrædd á þessar hurðir. Þegar þau fylgdu kvíðafull móður sinni í þetta skifti inn í þetta leiðinlega herbergi, var alt á rúgi og strúgi þar, því þetta var snemma morguns. Harris var vanur, þegar leið á morgunin að opna hlerana og laga dálítið til þar inni; hann þurkaði rykið af kommóðunni og af myndunum af Blair og ilmvatnsflöskunni með rauða borðann og dagatöfluna, sem nú var farin að gulna; en nú var dimt þar inni og ryk á öllu. Frú Maitland settist niður, en sökudólgarnir litlu stóðu fyrir framan hana og héldust í hendur.

"Veiztu það ekki Blair að það er rangt að taka það sem maður á ekki?" byrjaði frú Maitland.

"Ég tók það," sagði Nanna lágt og færði sig fram fyrir bróður sinn, eins og hún vildi verja hann.

"Blair sagði þér að gera það."

"Já," fleipraði Blair fram úr sér, "ég sagði henni að gera það."

"Fólk sem tekur það sem það á ekki, fer til helvítis. Hefirðu ekki lært það í sunnudagaskólanum?"

Þau þögðu.

"Það ætti að refsa þér harðlega, Blair, og Nönnu líka. En ég hefi mikið að gera núna, svo ég segi aðeins þetta"— hún þagnaði; hvað átti hún að segja — "aðeins þetta, að þið fáið enga peninga þessa viku, hvorugt ykkar."

"Já," stamaði annað þeirra út úr sér.

Eftir svipnum ag dæma leið frú Maitland lítið betur en börnunum. Hún vissi ekkert hvað hún átti að gera. Það var auðveldara að fást við járnbræðsluofn heldur en barn. "Jæja, ég egi ekki meira við ykkur núna." Henni datt alt í einu í hug að það væri gott að halda þeim hræddum. "Ekki meira núna," endurtók hún með áherzlu; "og, Blair, mundu það, að þjófar fara til helvítis." Hún hrofði á þau vandræðalega meðan þau voru að komast út úr herberginu; en rétt þegar þau voru að fara út úr dyrunum, kallaði hún á Blair.

Drengurinn staðnæmdist skjálfandi á beinunum.

"Komdu hérna."

Hann fór inn aftur nauðugur.

"Blair," sagði hún og röddinn var óþýð, þótt hún reyndi að gera sig blíðlega. Hún rétti út hendurnar, eins og hún ætladi að draga hann til sín; en hann þegjandi; svo beygði hún sig áfram, og hendurnar sem lágu á hnjánum, opnuðust og lokuðust á víxl, jafnvel teygðust fram eins og í þögulli bæn til barnsins. Nanna stóð kjökrandi í dyrunum og horfði hrædd á áþetta, eins og hún vissi ekki hvað það ætti að þýða. "Drengurinn minn," frú Maitland gerði sig eins blíðlega í málrómi og hún gat, "til hvers fórstu að strjúka?" Hún brosti, en hann leit ekki framan í hana. "Segðu mér það, hvers vegna fórstu að strjúka?"

Blair reyndi að svara, ræskti sig og kom þessum orðum út: "Mér leiðist hér."

"Leiðist hvað? Heimilið?"

Blair kinkaði kolli.

"Hversvegna leiðist þér?" spurði hún hissa.

"Það er ljótt," sagði Blair ofur lágt.

"Ljótt! Hvað er ljótt?"

Blair leit ekki upp en hreyfði hendina eins og til að benda á alt í kringum sig. "Þetta," sagði hann. Svo leit hann upp snögglega, gaut til hennar hornauga og leit svo niður aftur. Frú Maitland roðnaði, stóð upp og sagði í reiðirómi: "Þú ert heimskur og vondur strákur; þú hefir ekkert vit á þessu. Eg ætladi að gefa þér meiri peninga, en nú skal ég hætta við það. Hlustaðu nú á: Það gerir minst til hvort að þér þykir hús, eða—eða einhver manneskja falleg. Það sem mest á ríður er að það sé til einhvers gagns. Allir hlutir ættu að vera gagnlegir, eins og verksmiðjan okkar. Ef ég heyri þig nokkurn tíma framar segja að þér líki ekki eitthvað, af því það sé ljótt, þá skal ég aldrei gefa þér peninga. Peningar," hélt hún áfram með hita, " peningar eru ekki **fallegir!** Óhreinir pappírssneplar og silfur, sem er grátt eins og blý. Þér þykir máske peningar ljótir líka?"

Hún talaði með ákafa, eins og hún væri að halda uppi vörn fyrir sjálfa sig; það var eins og hún undir niðri viðurkendi að þessi litli, fráhverfi drengur vær jafningi hennar, sem hefði gert árás á hana; en Blair gerði ekkert annað en standa með opinn munninn af bernskulegri undrun. Og móðir hans náði sér strax aftur.

"Farðu nú út og vertu góður drengur."

Þegar hún var orðin ein settist hún niður við skrifborðið sitt og sat þar nokkrar mínútur, án þess að taka upp pennann. Hana sveið undan orðum drengsins; en á bak við reiðina og gremjuna voru særðar tilfinningar. Hann vildi ekki lofa henni að taka sig í faðm sinn. Hún stundi og fór að lesa bréfin sem lágu á borðinu; en hún gat ekki sljtið hugann frá því, sem gerðist í dagstofunni kvöldið áður: hvernig Blair hafði hjúfrað sig upp að frú Richie og haldið í hönd hennar. Henni varð ósjálfrátt litið á hendurnar á sjálfri sér. "Hann heldur víst að hennar hendur séu fallegar," sagði hún við sjálfa sig. "Hvaðan fwr hann þessa hugmynd? Hvernig kona skyldi hún annars vera? Hún minnist aldrei á manninn sinn."

ÞRIÐJI KAPITULI.

Sá dagur kom er skólinn hennar ungfrú White á loftinu hjá Ferguson var lagður niður. Ferguson sagði, að það veitti ekki af karlmanni til að kenna Blair og Davíð latínuna og ýmislegt fleira. Hann hafði komið að frú Richie grátandi undir hagþornsrunninum í bakgarðinum einu sinni, út af því að Davíð hafði gefið Blair blátt auga og fengið sjálfur blóðnasir í staðinn. Frú Richie var kominn á fremsta hlunn með að búa sig og fara yfir til frú Maitland til að biðja afsökunar, og það var aðeins vegna þess að Ferguson fór að hlæja, að hún hætti við það.

"Ég vona að Blair bláni á báðum augum næst, og að hann brjóti tönn úr Davíð," sagði Ferguson.

Frú Richie var alveg orðlaus af undrun o skelfingu.

"Það eru vandræði að trúa góðri konu fyr dreng," sagði hann og rykti af sér gleraugunu ins og hann væri reiður: "en ég skal vinna á mó yður alt sem ég get. Eg skal sjá um að Davíð [illegible] reifum. [illegible] verður sjálfsagt framúrskarandi góður piltur, nem ð honum sé bjargað frá of miklu dálæti; og þ [illegible] Hann verð að fara eitthvað í burtu í skóla og læra fleira bænirnar sínar."

"Ég hélt að enginn gæti verið of góður," sagði frú Richie.

"Kvenfólk getur ekki verið of gott, en karl menn ættu ekki að vera of góðir," svaraði Ferguson.

Hún var svo forviða, að hún vissi ekki hvað hún átti að segja til að mótmæla þessari skoðun, og Ferguson hafði í rauninni ekki ástæðu til að láta sér svona ant um að Davíð yrði of góður. Þessi freknótti, bjarteygi og glóhærði drengur, með rjóðu kinnarnar, var blátt áfram, opinskár og útásetningasamur. Hann fleygði fötunum sínum gólfið, kvartaði yfir að þurfa að læra lexíurnar sínar og var uppivöðslusamur, þegar mamma hans heyrði ekki til; hann hafði meira að segja, reykt fyrsta vindilinn, sem gerði hann svo fölan í framan, að frú Richie varð dauðhrædd. En háðsglósur Fergusons um of mikið dálæti urðu til þess að hann var sendur í heimavistar skóla. Blair fór með honum. Ferguson ráðlagði frú Maitland, að láta hann ekki vera lengur undir stjórn hinnar góðu ungfrúr White. Hann sagði samt, að það væri ekki eins nauðsynfyrir hann og vesalings Davíð, af því að móðir hans kynni ekki að gera úr honum rolu, þótt hún vildi. Og svo bætti hann við, eins og hann gizkaði á, hvað frú Richie var í huga, að frú Maitland mundi aldrei láta sér detta í huga, að flytja sig þangað sem sonur hennar var í skóla. "Hún veit vel að Blair eða hverjum öðrum dreng, sem nokkuð er í varið, væri dauðilla við að móðir hans kæmi á eftir honum. Og yður kemur náttúrlega ekki til hugar að gera það heldur," sagði hann háðslega.

"Nei, náttúrlega ekki," sagði frú Richie. Þannig gerðist það með aðstoð húseigandans, að frú Richie sendi Davíð verndarlausan út í heiminn. Og um líkt leyti og drengirnir yfirgáfu skóla ungfrúr White byrjuðu þær Elizabet og Nanna að ganga á annan skóla í Mercer. Vesalings kenslukonan misti alla nemendur sína vegna þess að hún réði ekkert við Elizabetu. Það kom alt til út af ósamlyndi milli Elizabetar og Davíðs, sem var reyndar ekkert nýtt—henni og Blair kom þolanlega saman. Elizabet og Nanna höfðu verið að bera saman á sér hárflétturnar, og Davíð hafði sagt að hárið á Elizabetu væri fallegra. Henni þótti svo vænt um það að hún faðmaði hann að sér fyrst og bauð honum síðan að róa með sér í bát eftir ánni.

"Eg skal borga fyrir bátinn." Hún dansaði innan um herbergið og söng.

"En hvað það verður gaman, gaman, gaman, en hvað það verður gaman þá! Frændi gaf mér dal í gær."

Davíð lagaði kragann sinn og sagði að sér dytti ekki í hug að láta **stúlku** fara að borga fyrir sig; svo auðheyrt var að honum gekk eitthvað annað til en eintómt örlæti. Henni hálf þótti þetta í bili, en henni þótti ekkert að því að geta sparað sinn dal, svo alt féll í ljúfa löð með þeim. Þeim kom saman um að Davíð skyldi róa með hana tvær mílur niður ána. Þar var greiðasölu staður, þar sem afbragðs góðar sykurkökur fengust fyrir hálft cent hver. Elizabet lét ekki á sér standa að koma á bryggjuna, þar sem þau höfðu mælt sér mót, á tilteknum tíma. Hún var enn ánægð með að sitt hár var fallegra en Nönnu og henni þótti gaman að vera í bát á ánni, og svo hafði hún ekkert á móti því að bragða sykurkökurnar. Hún hafði jafnvel verið svo forsjál, að semja fyrirfram við gömlu frú Todd um lán á bát, og nú settist hún orðalaust í bátinn, tók upp stýristaumana og beið eftir að Davíð kæmi og settist undir árar. "Og eg er búin að bíða og bíða þann eilífðar tíma," sagði hún við sjálfa sig, þegar hún var búin að sitja góða stund í bátnum, sem ruggaðist hægt við bryggjuna. Þegar hún var búin að bíða þarna í heila klukkustund, hvern skyldi hún þá sjá nema Davíð Richie, sem kom hlaupandi fram eftir bryggjunni með Blair Maitland. Hann hafði reyndar steingleymt því að þau höfðu mælt sér mót. (Elizabet var orðin nógu gömul til að segja, að þau hefðu "mælt sér mót.")

"Eg get aldrei fyrirgefið honum það," sagði hún og svipurinn harðnaði. Hún sat í bátnum og horfði á drengina, þegar þeir komu hlaupandi fram á bryggjuna; þeir voru í kapphlaupi. Davíð var á undan. Hann var klæddur í stuttbuxur og peisu og var liðugur og snar í hreyfingum, þar sem hann hljóp fram bryggjuna í löngum stökkum, kafrjóður í framan og með glampandi augum. En alt í einu kom hann auga á Elizibetu, sem beið eftir honum í bátnum og var all-óblíð á svip. Þá mundi hann alt í einu eftir því að þau höfðu "mælt sér mót"; hann varð ráðalaus eitt augnablik og á meðan komst Blair fram fyrir hann. Í gremju sinni yfir því að tapa í kapphlaupinu gleymdi hann Elizabetu aftur, og hún beið ofurlitla stund lengur eftir því að hann kæmi og bæði sig afsökunar; en hann var að rífast við Blair útaf kapphlaupinu þeirra og sinti henni ekki hót. Hún fór heim og varð æ reiðari. Davíð hafði gleymt henni. "Hann tekur Blair fram yfir mig," sagði hún við sjálfa sig. "Hann vill heldur fara í kapphlaup við annan dreng en fara út í bát með sér. Og eg sem sagðist skyldu borga fyrir bátinn, og eg á einn einasta dal til í eigu minni." Hún vorkendi sjálfri sér þangað til að eitt tár rann niður eftir nefinu á henni öðru megin; hún var enn þá góðan spöl að heiman; og þegar tárið var komið niður á vörina varð hún að reka út úr sér tunguna og sleikja það burt. Hún reyndi að halda geðshræringu sinni í skefjum, en það magnaði hana um helming. Hún kom í hendings kasti inn til ungfrú White, og augu hennar, sem voru þur, glömpuðu af reiði.

"Hann lét mig bíða; hann kom ekki! Eg hata hann! Eg skal aldrei tala orð við hann! Hann gerði mig reiða! Hann er svín!"

"Þú mátt ekki tala svona ljótt, Elizabet! Þegar eg var lítil þá einu sinni heyrði eg ekki önnur eins orð og þessi. Það kemur eitthvað óttalegt fyrir þig einhvern tíma, lambið mitt, ef þú reynir ekki að stilla skap þitt."

"Eg vona að eitthvað óttalegt komi fyrir hann einhverrn tíma," sagði Elizabet. Og svo brutust tárin fram. Það var rétt eins og þrumuveður.

Ungfrú White varð dauðhrædd og hljóp í burt til að ná í ————, en á meðan hljóp Elizabet að speglinum, tók skæri og klipti lokk eftir lokk af hárinu á sér. Þegar hún var búin að því horfði hún á það sem eftir var í sigri hrósandi reiði. "Hana nú, skyldi hann nú halda að hárið á mér sé fallegra en á Nönnu. Eg hata hann!" Hún hló hátt og andlitsvöðvarnir titruðu af geðshræringu.

Ungfrú White heyrði hana hlægja og flýtti sér Meira gat hún ekki sagt. Afstýfða hárið á kommóðunni, ljóta, klipta höfuðið og tárvott, hlægjandi andlitið fengu svo mikið á hana, að það kom kökkur í hálsinn á henni. "Elizabet!" sagði hún aftur; og Elizabet kom hlaupandi til hennar og kastaði sér um hálsinn á henni.

"Davíð gleymdi mér," sagði hún með ekka. "Hann gerir mér altaf eitthvað á móti skapi. Eg get ekki þolað að mér sé gert á móti skapi. Vertu góð við mig, kirsiberjakakan mín, vertu góð við mig."

Henni var runnin reiðin. Iðrunin, sem á eftir fylgdi var eins áköf og snögg. Næsta dag sat hún fyrir Davíð og bauð honum brjóstsykur, sem hann þáði, eins og hann hefði enga hugmynd um að honum hefði orðið nokkuð á.

(Framhald)



UKRAINE.

—

Í hollenzka vikublaðinu "In en Uitvoer" var fyrir skömmu skýrt frá landshögum Úkraine-ríkis á þann hátt, sem hér segir:

Takmörk lýðveldisins Úkraine eru ekki vel kunn, en samkvæmt lægstu áætlun er flatarmálið 680 þús. fer. km., eða 150 þús fer. km. stærra, en öll Balkanríkin saman lögð. Í því eru þessi fylki: Volhynia, Podolja, Kiev, Cherson, Tsjernigov, Poltava, Charkov, Jekaterinoslav, Tária og Koeban með 32½ milj íbúa, og er meiri hluti þeirra Úkrainingar (Rútenar). Í Galiziu búa 4 miljónir Rútena. Héruðin við Asovshaf og Svartahaf eru svo að segja nýnumin og haf bygt með amerískum hraða.

Stærstu borgirnar í Úkraine og þar í grend eru Odessa (620,000 íb.), sem er mesta hafnarborg Rússlands, þegar Petrograd og Ríga eru frá taldar — Nikolajev (103,000 íb.), Sevastopol (77,000), Cherson (92,000(, Taganrog (75,000), Rostov (172,000), Kieæ (506,000), Lemberg (220,000), Tsjernovitz (93,000), Poltava (85,000, Charkov (248,000) og Katerinoslav (218,000 íb.).

Náttúrugæði Úkraines sjást á því, að það framleiðir 1-3 af öllu korni Rússlands, 5-66 af sykrinu, 1-3 af kjötinu, 70 per cent. af steinkolunum og 64 pró cent af járninu. Héruð þessi hafa lengi verið kölluð "land svörtu moldarinnar," og mikilvægi þeirra jókst mjög við það, að þau eru svo nærri Svartahafinu og áhrif Rússlands á Balkan lögðu aðallega leið sína yfir Úkraine.

Atvinnuvegirnir eru yfirleitt á lágu stigi. Dýraveiðar og fiskiveiðar voru miklar fyr á tímum, en hafa minkað mjög vegna ofnýðslu. Skógarhöggið hefir og minkað mjög af sömu ástæðu og er Úkraine heldur skóglítið land. Þar eru aðeins 13 pró cent flatmálsins þaktir skógi, en 15.8 pró cent í Frakklandi 25.9 pró cent í Þýzkalandi, 27.4 pró cent í Ungverjalandi, 32.7 pró cent í Austurríki og 38.8 pró cent í Rússlandi.

Landbúnaðurinn er aðal-atvinnuvegurinn og lifa á honum 9.19 hlutar íbúanna, en hann er á lágu stigi, rekinn á sama hátt sem á miðöldunum og framfarir eiga erfitt uppdráttar sökum þess, að sveitafólkið kann venjulega hvorki að lesa né skrifa. Landbúnaðarvélar nútímans, jarðbætur og sáðskifti er því nær óþekt. Þar að auki er jörðunum mjög misskift. Stórjarðir eru algengastar og jarðeigendur eru ekki Úkrainingar. Útflutningur fólks hefir verið langt of mikill og hefir beinst bæði til Kákasus, Túrkestan og Síberíu og á hinn bóginn til Kanada, Argentínu og Brasilíu. Að kornútflutningurinn hefir verið svo mikill sem raun er á þrátt fyrir þetta, kemur til af því, að jörðin er harla frjósöm og svo hinu, að jarðeigendurnir hafa sent kornið út úr landinu jafnvel í hallærum.

Ræktað land er 45 milj. ha. eða 53 pró cent af öllu flatarmálinu. Uppskeruna er ekki unt að segja fyrir víst, en öll kornuppskeran var um aldamótin áætluð 15 miljarðar kg., eða meiri en í nokkru öðru landi í Evrópu. Einkanlega er hveitiútflutningurinn mikill.

Kartöfluræktin er allmikil og sykurrófur eru ræktaðar á 330 þús. ha., en tóbak á 50 þús. ha. Ávaxtarækt og garðrækt er ekki lítil og í suðurhluta landsins er nokkur vínrækt.

Búpeningur í Úkraine er talinn 30 milj. Hrossarækt, smjör- og mjólkurgerð er á lágu stigi; ullarframleiðslan hefir minkað mjög á seinni árum fyrir samkepni Ástralíu, en fyr meir var Úkraine eitt af mestu ullarlöndum heimsins. Svínaræktin er mjög mikil; við Dnestr og Dniepr má líta stórar svínahjarðir, sem ganga úti sumar og vetur. Alifuglarækt er mjög mikilvæg og þar eð fólk lifir mjög sparlega, er flutt mikið af eggjum og alifuglum til annarra hluta Rússlands. 40 pró cent af útfluttum eggjum Rússlands voru frá Úkraine.

Landið er mjög auðugt að málmum og öðrum nytsömum jarðefnum. Gull, silfur, kopar, zink og blý er raunar lítið þar í landi, en aftur á móti eru stórar kvikasilfurs- og magnan-námur. En mikilvægast er þó járnið, kolin og saltið. Árin 1907-11 átti Úkraine 73 pró cent af allri járnframleiðslu Rússlands. Kolanámur eru í Donesj-hæðunum og eru með hinum stærstu í Evrópu. Yfirborð kolalagsins er 23 þús. fer. km. og árleg fram leiðsla 20.3 milj. smál. 1905 var steinkolaframleiðslan í Donesj-hæðunum um 80 pró cent af steinkolaframleiðslu Rússlands, en er nú aðeins 70 prócent því að kolanám hefir aukist í Asíulöndum Rússa. Kokskol eru hvergi framleidd í Rússlandi að neinu ráði, nema í Úkraine. Framleiðslan var 3.37 milj. smál. árið 1911. Úkraine er nr. 7 í röð kolalanda heimsins. Þar er gnægð af surtarbrandi og mó, en því nær ekki unnið.

Úkraine er það land í Evrópu sem auðugast er að steinolíu og gengur næst Ameríku og Kákasus sem steinolíuframleiðandi á heimsmarkaðinum. Saltvinslan nemur árlega meira en 660 milj. rússneskra punda, eða um 53 pró cent af allri saltframleiðslu Rússlands. Kalísalt finst þar einnig, ennfremur asfalt, fosfór, grafit, brennisteinn, gips o. fl.

Iðnaðurinn er ennþá mjög lítilfjörlegur og rússneska ríkið hefir ekkert gjört fyrir hann. Iðnaðurinn í Mið-Rússlandi er að miklu leyti kominn upp á járn og kol frá Úkraine og Rússar hafa gert alt sem þeir gátu til þess að greiða fyrir flutningi hráefna frá Úkraine til iðnaðarhéraðanna í Rússlandi. En við það hefir iðnaðurinn í Úkraine sjálfu verið vanræktur og er alveg nýbyrjaður að útrýma hinum forna heimilisiðnað, sem stóð á háu stigi í vefnaði og meðferð á tré og leðri. Stóriðnaðurinn hefir þó aukist mjög á síðari árum, einkum málmiðnaður, og starfa margar verksmiðjur að honum í stórborgunum. Sykurverksmiðjur eru yfir 200, einkum í héruðunum Kiev, Charkov, Pódolíu og Cherson. Ennfremur er mikið til af vínandaverksmiðjum, olíuverksmiðjum og tréskurðarverksmiðjum o. fl. Aftur á móti kveður lítið að vefnaðar-, pappírs- eða ullariðnaði.

Einnig má nefna það, að mikið kveður að vefnaði og spuna í heimilisiðnaðinum. Almúgin klæðist ennþá þjóðbúningum sínum, sem búnir eru til heima, ásamt ábreiðum, pokum o. fl. Í hverju þorpi er vefari, litari og smiður, og hver bóndi smíðar alla trjámuni fyrir sig sjálfur.

Verzlun er mjög lítil og helzt í höndum Rússa, Gyðinga, Armeninga og Grikkja. Hinar mörgu kaupstefnur, sem árlega eru haldnar í Úkraine (um 4,000), sýna hvað verzlunin er langt á eftir tímanum. Af 22 aðalkaupstefnum Rússlands eru 11 haldnar í Úkraine og 4 í Charkov. Þar selja stórsalarnir smásölunum vörur sínar. Heimsverzlunin hefir hingað til ekki hirt um Úkraine. Útflutt voru hráefni, en innflutningur á tilbúnum vörum var mjög lítill. En á seinni tímum hefir þetta farið að breytast.

Lega Úkraines við Svartahafið og hlið Asíu gerir líklegt, að þetta breytist gersamlega. Árlega er flutt til Rússlands um 100 þúsundir nautgripa, og þar að auki feikn af alifuglum, eggjum, smjöri, ull og gærum. Málmarnir eru heldur ekki notaðir í landinu sjálfu. Innflutningur er lítill í samanburði við útflutninginn, því að fólk er svo fátækt, að það getur ekki keypt og hefir þar að auki heimilisiðnað sinn. Útflutningurinn vestur yfir var árið 1908 18.6 milj. rúbla virði, en innflutningurinn 64.8 milj. minni. Yfir Svartahaf og Asovshaf var útflutningurinn 245 milj. rúbla virði, enn innflutningurinn 64.8 milj. Verzluarfloti Rússa í Svartahafi er að tölunni til 42 pró cent, að lestarúmi 52 pró cent. af öllum verzlunarflota Rússa.—

Vegirnir eru afar-slæmir. Úkraine hefir verið undir stjórn Pólverja og síðan Rússa og um vegamálin hefir ekki verið hirt. Járnbrautirnar eru lítilfjörlegar og liggja einungis í áttina til Moskva og Eystrasalts-hafnanna. Ekkert beint samband er á milli Kiev og Odessa eða Kiev og Charkov. Skurðir eru heldur ekki í Úkraine. — Þeir hafa skemst undir stjórn Pólverja og hvorki þeir né fljótin hafa verið gerð skipgeng aftur. Um Dniepr fara gufuskip og seglskip, en því nær ekki um Don og Dnestr. Á þessu sviði, þar sem rússneska stjórnin hefir vanrækt allar framkvæmdir, eru miklir þróunarmöguleikar.

—Landið.

ÍSLENZKT STJÓRNARFAR OG ÞINGRÆÐI.

—

Í síðasta tbl. "Þjóðólfs" birtist grein með þessari fyrirsögn. Oss virðist þar bent á svo margt sem almenningi er betra um að hugsa, en ekki, að vér leyfum oss að taka upp úr henni kafla þann, sem hér fer á eftir:

"Enskur vitringur hefir skrifað eitthvað á þá leið, að það sé furðulegt, að maður, sem ætlar að vera skósmiður, verði að búa sig undir iðn sína árum saman; en þingmaður, maður, sem taka á þátt í stjórn heillar þjóðar, þarf ekki að búa sig neitt undir starf sitt. Enn meiri furðu gegnir það, að ekki er krafist neinnar þekkingar né reynslu skilyrða af þeim, er talin eru æðstu völd þjóðfélags og ríkis. Ég veit ekki betur en þeir, er stýra vilja bifreið, verði að sýna skírteini þess, að þeir kunni nokkuð fyrir sér í starfi því, er þeir takast á hendur. Í bifreiðum hér sitja þó vanalega ekki nema fjórir menn, auk bifreiðarstjóra. En þeir, er stýra eiga þjóðfélagsvagninum, þurfa engin kunnáttu-skírteini að sýna. Af þeim er ekki heimtað, að þeir sýni nokkur skilyrði þess, að þeir hafi minsta vit eða þekking á því vandastarfi, er þeim er trúað fyrir, og þúsundum og tugum þúsunda og niðjum þeirra ríður á, að vel sé gegnt. Æðstu stjórnarstörf má t. d. bæði fela mönnum, sem eru ekki komnir á bezta starfsaldur eða eru komnir af honum, og bersýnilega er stórum aftur farið, sem reynslan sýnir. Það er merkilegt, að þess er ekki svo mikið sem krafist af þingmönnum þeim sem ráðherrar verða, að þeir hafi setið til tekinn árafjölda á alþingi, og öðlast þann þroska og þá reynslu, er mönnum hlýtur að vaxa á þingstörfum, þ. e. a. s. þeim, er stunda þau af alúð og áhuga. Og alþingi virðist hafa tilhneiging til að hampa þeim hæst, er skamma stund hafa átt þar sæti, hvort sem það stafar af því, að það hefur ótrú á allri reynslu, eða það kemur til af hinu, að gömlu þingmennirnir þyki ekki að góðu reyndir, og því sé heldur einhvers að vænta af óreyndum.

Þessari venju hlýtur mentuð framtíð að breyta. Hún heimtar áreiðanlega einhver tiltekin þekkingar- og kunnáttuskilyrði af þeim, er stýra eiga heilli þjóð. Vonandi skilur enginn þetta svo, sem ég haldi, að stofnað verði til sérstaks ráðherraprófs með einkunnagjöfum og þess háttar. En ef til vill verður heimtað, að sá, er vill taka að sér þetta eða hitt ráðherrastarf, hafi gengt þessu eða hinu starfi tiltekinn tíma, líkt og skipstjórar verða að hafa stundað sjómensku nokkurn tíma, áður en þeir verða yfirmenn. Vera má og, að þing framtíðarinnar láti foringja sína keppa um sæti, ekki á ólíkan hátt og gert er, þá er menn keppa um kennarastöður við háskóla, fái þeim eitthvert stjórnarefni eða stjórnmál að kryfja til mergjar. Og svo gæti farið, að þetta reyndist samt ekki einhlítt, því að með þessu móti væri ekkert fullTrygt um siðferðishæfileika stjórnenda og ráðherra. En vera má, að framtíðinni hugsist hér ráð, er nútíðarmönnum hugkvæmist ekki, það er þeir geta ekki svo mikið sem rent grun í." —Landið.

OFÁT

Steingrímur Matthíasson læknir segir í "Íslendingi":

Þótt kaffi, tóbak og áfengi sé alt saman ilt manni, og ætti kaffi helzt að bannfærast (nema máske á sunnudögum, t. d. eftir messu), þá er þó eitt sem flestir gera sig seka í, sem margir læknar telja að muni leggja fleiri í gröfina en hitt alt samanlagt — og það er ofát.

Ofát er ein af höfuðsyndunum. — Menn eta yfirleitt langt um meira en þeir hafa gott af og langt um meira en líffærin þola til lengdar. Fyrst veiklist maginn og meltingarfærin, en því næst hvert líffærið á fætur öðru. Og þótt sagt sé að þessi eða hinn hafi dáið úr nýrnaveiki eða hjartveiki eða lifraveiki o. s. frv., þá er oft sanna ástæðan, ofát. Þetta er alt of lítið kunnugt almenningi og þess vegna drotnar enn sá misskilningur, að það séu góðgerðir að troða í menn kaffi með brauði eða sökkulaði með brauði og ýmsu öðru svo nefndu góðgæti, rétt eftir að þeir hafa — mér liggur við að segja — etið sig í spreng. Nei, það eru sannarlega ekki góðgerðir — en það verður að fyrirgefast meðan "mennirnir vita ekki hvað þeir gera" (reyndar væri réttara að segja konurnar, því að þær eru í þessu efni yfirleitt syndugri en mennirnir, og ekki síður nú í dýrtíðinni en áður).

Margir venja sig á ofát með því að tyggja illa og flýta sér að snæða. Ef vandlega er tuggið, þurfa menn margfalt minna til saðnings en annars. Fæðan meltist þá margfalt betur, því um meltinguna gildir setningin: hálfnað er verk þá hafið er. Hálf melting fer fram í munninum.

Danski læknirinn Hindhede, sem í Danmörku hefir mest og bezt frætt fólk um þessa hluti, er nú orðinn viðfrægur fyrir rit sín og rannsóknir. Einkum hafa þjóðverjar kunnað að notfæra sér kenningar hans nú á styrjaldartímunum.—*Vísir.*

Business and Professional Cards

Allir sem í þessum dálkum auglýsa eru veljektir og áreiðanlegir menn—þeir bestu sem völ er á hver í sinni grein.

LÆKNAR.

Dagtals St.J. 474. Næturt. St. J. 866
Kalli sint á nótt og degi.
DR. B. GERZABEK,
M.R.C.S. frá England, L.R.C.P. frá London, M.R.C.P. og M.R.C.S. frá Manitoba. Fyrverandi aðstoðarlæknir við hospital í Vinarborg, Prag, og Berlin og fleiri hospítöl.
Skrifstofutími í eigin hospitali, 415—417 Pritchard Ave., Winnipeg, Man.
Skrifstofutími frá 9—12 f.h.; 3—4 og 7—8 e.h.

Dr. B. Gerzabeks eigið hospital
415—417 Pritchard Ave.
Stundun og lækning valdra sjúklinga, sem þjást af brjóstveiki, hjartveiki, magasjúkdómum, innýflaveiki, kvensjúkdómum, karlmannasjúkdómum, taugaveiklun.

DR. M. B. HALLDORSSON
401 BOYD BUILDING
Talsími M. 3088 Cor. Portage & Edm
Stundar sérstaklega berklaveiki og aðra lungnasjúkdóma. Er að finna á skrifstofu sinni kl. 11 til 12 f.m. og kl. 2 til 4 e.m.—Heimili að 46 Alloway Ave. Talsími Sh. 3158.

DR. J. STEFANSSON
401 BOYD BUILDING
Horni Portage Ave og Edmonton St
Stundar eingöngu augna, eyrna, nef og kverka-sjúkdóma. Er að hitta frá kl. 10 til 12 f.h. og kl. 2 til 5 e.h.
Talsími Main 3088
Heimili 105 Olivia St. Tals. G. 2315

Talsími Main 5302
J. G. SNIDAL, L.D.S.
Tannlæknir
614 Somerset Block, Winnipeg

DR. Ó. STEPHENSEN
Stundar alls konar lækningar. Talsími G. 798, 615 Bannatyne avenue.

J. J SWANSON & CO.
Verzla með fasteignir. Sjá um leigu á húsum. Annast lán og eldsábyrgðir o. fl.
504 The Kensington, Cor.
Portage & Smith
Phone Main 2597

G. J. GOODMUNDSON
—
Selur fasteignir.
Leigir hús og lönd.
Útvegar peninga lán.
Veitir áreiðanlegar eldsábyrgðir billega.
—
Garry 2205. 696 Simcoe Str.

SÉRFRÆÐINGUR
VID
PHONOGRAPHS, ALLAR MÁLVÉLAR
Eg geri ekkert annað en að gera við hverslags málvélar sem er. Brotnar fjaðrir, málberann og plöturnar, eg geri við það alt.
Eg sendi aðeins færa menn þegar viðgerðirnar eru gerðar heima í húsinu.
Alt verk ábyrgst.
W. E. GORDON
Elevator to 4th Floor, 168 Market E
4 dyr frá Pantages. Phone M. 93

Einkaleyfi, Vörumerki
Útgáfuréttindi
FETHERSTONHAUGH & Co
36-37 Canada Life Bldg.
Phone M. 4439 Winnipeg

Vér getum hiklaust mælt með Fetherstonhaug & Co. Þekkjum íslendinga sem hafa treeyst þeim fyrir hugmyndum sínum og hafa þeir í alla staði reynst þeim vel og áreiðanlegir.

LANDAR GÓÐIR
—
Skiftið við fyrtu íslelnsku rakarabúðina sem stjórnað er samkvæmt fullkomnum heilbrigðisreglum. Hún er alveg nýbyrjuð í Iroquois hótelinu, beint á móti bæjarráðsstofunni. Talsími M. 1044.
Ingimar Einarson.

HEILBRIGDIS STOFNANIR

Keep in Perfect Health
Phone G. 868
Turner's Turkish Baths.
Turkish Baths
with sleeping accommodation.
Plain Baths.
Massage and Chiropody.
Cor. King and Bannatyne
Travellers Building Winnipeg

Raddfæri og mál
LAGAD MEÐ NÝJUM VISINDALEGUM ADFERDUM.
Hverjar eru orsakir málhelti,stams og ófullkomleika raddarinnar? Erfðir, eftirhermur, veiki, slys, taugaslappleikur og fleira. Meðal þess er taugaveiklun sú er her menn fá við sprengingar í stríðinu. Álitið er að taugaveiklun sé eina orsökin, en með fáum undantekningum er hún aðeins afleiðing.
Þar sem um ófullkomleik raddarinnar er að ræða hefir maðurinn ekki tækifæri til þess að njóta sín; til þess að læknast þarf að kenna þeim er hlut á að máli að vera sem eðlilegastur—hlýða náttúrulögmálinu til fulls. Lækning mín og sú hepni sem ég hefi hlotið er að þakka því að ég hefi unnið í samræmi við náttúrulögin.
Sendið eftir "The Greatest Art," fullkomnasta bæklingi um röddina.
H. W. HOGUE
MAIN 649.
Bráðabyrgðar áritan A.O.U.W. Hall, fyrsta gólf.
328 Smith Str., Winnipeg, Man.

BLÓMSTURSALAR



W. D. HARDING
BLÓMSALA
Giftinga-blómvendir of sorgarsveigir sérstaklega.
374½ Portage Ave. Símar: M. 4737
Heimili G. 1054

Talsími Main 3775
Dag og nótt og sunnudaga.
THE "KING" FLORIST
Gullfiskar, Fuglar
Notið hraðskeyta samband við oss; blóm send hvert sem er. Vandaðasta blómgerð er sérfræði vor.
270 Hargrave St., Winnipeg.

New Tires and Tubes
CENTRAL VULCANIZING
H. A. Fraser, Prop.
Expert Tire Repairing
Fljót afgreiðsla óbyrgst.
543 Portage Avenue Winnipeg

Phone Sh. 2151 Heimili S. 2765
AUTO SUPPLY & ELECTRIC CO., Ltd.
Starting & Lighting Batteries
Charged, Stored and Repaired
Speedometers of all makes
Tested and Repaired.
Tire Vuncalizing.
W. N. MacNeil, Ráðsmaður
469 Portage Ave., Winnipeg

ELGIN MOTOR SALES CO., Ltd.
Elgin and Brisco Cars
Komið og talið við oss eða skrifið oss og biðjið um verðskrár með myndum.
Talsími Main 1520
417 Portage Ave., Winnipeg.

Sími: M. 4963 Heimili S. 3328
A. C. JOHNSON
Legir hús, selur fasteignir, útvegar eldsábyrgðir.
528 Union Bank Bldg.

LÖGFRÆÐINGAR.

ADAMSON & LINDSAY
Lögfræðingar.
806 McArthur Building
Winnipeg.

Talsími M. 3142
G. A. AXFORD
Lögfræðingur
503 Paris Bldg. Winnipeg

J. K. SIGURDSON, L.L.B.
Lögfræðingur.
708 Sterling Bank Bldg.
Sor. Portage and Smith, Winnipeg
Talsími M. 6255.

MYNDASTOFUR.

Talsími Garry 3286
RELIANCE ART STUDIO
616 Main Street
Vandvirkir Myndasmiðir.
Skrautleg mynd gefin ókeypis hverjum eim er kemur með þessa auglýsingu.
Komið og finnið oss sem fyrst.
Winnipeg, Manitoba

íslenzka töluð. Til að fá góðar myndir, komið til okkar. íslenzka töluð.
BURNS PHOTO STUDIO
576 Main Street

CHICAGO ART CO.
543 Main Street, Cor. James St
Myndir teknar af vönduðustu tegund.
Films og Plates framkallaðar og myndir prentaðar.
Eigandi: FINNUR JONSSON

A. S. BARDAL
843 Sherbrooke Street
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbunaður hinn bezti. Ennfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
Heimilis Tals - Garry 2151
Skrifstofu Tals. G. 300, 375

Lloyd's Auto Express
(áður Central Auto Express)
Fluttir böglar og flutningur.
Srstakt verð fyrir heildsölu flutning.
Talsimi Garry 3676
H. Lloyd, eigandi
Skrifstofa: 44 Adelaide, Str.
Winnipeg

Sími G. 1626 Heimili S. 4211
McLEAN & CO.
Electrical and Mechanical Engineers
We repair: Elevators, Motors, Engines, Pumps and all other kinds of Machinery and all kinds of Machine Work
Acytelene Welding
54 Princess Street, Winnipeg

IDEAL PLUMBING CO.
Cor. Notre Dame & Maryland
Plumbing, Gasfitting, Steam and Hot Water Heating
Viðgerðir fljótlega af hendi leystar; sanngjarnt verð.
G. K. Stephenson, Garry 3498
J. G. Hinriksson, í hernum.

GIGTVEIKI

Vér læknum öll tilfelli, þar sem líðirnir eru ekki allareiðu eydd ir, með vorum sameinuðu aðferðum.

Taugaveiklun.

Vér höfum verið sérlega hepnir að lækna ýmsa taugaveiklun; mörg tilfelli voru álitin vonlaus, sem oss hepnaðist að bæta og þar með bæta mörgum árum við æfi þeirra sem þjáðust af gigtinni.

Gyllinæð

Vér ábyrgjumst að lækna til fullnustu öll tilfelli af Gyllinæð, án hnífs eða svæfingar.

Vér bjóðum öllum gestum, sem til bæjarins koma, að heimsækja oss.

MineralSprings Sanitarium
Winnipeg, Man.

Ef þú getur ekki komið, þá skrifa eftir myndabæklingi og öllum upplýsingum.

Nefnið "Voröld" þegar þér farið eftir þessari auglýsingu.

Úr Bænum

FUNDUR

var haldinn í Skjaldborg í gær eins og auglýst var í Voröld síðast. Var þar talað um myndum þjóðernisfélags. Fundarstjóri var kosinn séra Runólfur Marteinsson, skólastjóri, og skrifári Steph. D. B. Stephanson, ráðsmaður Heimskringlu. Var fundurinn allvel sóttur og töluðu margir. Skýrð var saga þeirrar hreyfingar að mynda allsherjar íslendingafélag og bent á að fyrst hefði séra Jón Bjarnason byrjað það í kring um 1874.

Þessir töluðu. Séra R. Marteinsson, Sig.Júl. Jóhannesson, G.J. Goodmundsson, Húsfrú G. J. Goodmundsson, J. J. Bildfell, Helgi Sigurðsson, Friðrik Sveinsson, K. J. Austman, Sigurður Vilhjálmsson, Sumarliði Sveinsson.

Mikil áherzla var lögð á nauðsyn þessa félagsskapar einmitt nú því hún gæti orðið til þess að hlynna að heimkomnum íslenzkum hermönnum. Ef félagið ætti vissan stað eða leigði þá gæti þar orðið athvarf þeirra og að ýmsu öðru leyti gæti félagið orðið þeim að liði.

Samþykt var að fresta fundinum í tvær vikur og auglýsa hann vel í öllum blöðum. Verður honum því haldið áfram annan mánudag.

DANS.

A föstudagskveldið kemur, kl. 8.30, heldur Jóns Sigurðssonar félagið dans í samkomu sal "Oddfellowæs."

Ef þú dansar ekki munu næg borð til að spila við.—Skemtun fyrir alla, unga og gamla.

Styðjið drengina fyrir handan með því að fjölmenna.

ADGANGUR 50c.

Hýtt herbergi og skemtilegt, helzt í stórhýsi óskast til leigu. Upplýsingar á Voröld.

Gott herbergi er til leigu á góðum stað í bænum, bjart og skemtiegt. Upplýsingar á Voröld.

Húsfrú Thos. Gillies, er hefir dvalið hér í bænum um nokkrar vikur að heimsækja kunningja sína og ættmenni, lagði af stað heimleiðis til Edmonton í kveld.

G. F. Gíslason kaupmaður, frá Elfros, Sask., var á ferð í bænum í síðustu viku. Hann fór heim síðastliðinn föstudag.

Gísli Gíslason frá Winnipeg Beach kom til bæjarins í dag og fór heimleiðis aftur í kveld. Lætur vel af nirðra.

Skáldsaga Einars Hjörleifssonar, "Sálin Vaknar," er bók sem hver íslendingur ætti að lesa; enginn er svo gamall að hann hafi ekki yndi af henni og enginn svo ungur að ekki skilji hana, ef hann er læs. Hún talar til þess sem bezt er og fegurst í manneðlinu, og lesandinn leggur hana frá sér með tilfinning, um það að hann hafi lesið sér til gagns og gleði. Þeir sem vilja örva börn sín til að lesa íslenzkar bækur geta varla fengið þeim betri sögu í hendur.

Nýju skáldsögurnar: "Bessi Gamli," eftir Jón Trausta ($1.50) og "Sambýli" eftir Einar Hjörleifsson ($2.50) eru nú aðeins ókomnar. Þeir sem vilja eignast þær strax og þær koma ættu að senda pantanir sínar til Hjálmars Gíslasonar, 506 Newton Ave., Winnipeg Talsími St. Johns 724.

Þeir menn sem eru óánægðir
við hina vanalegu gerð
á Til-búnum-til notkunar
fötum munu komast að raun um
að Fit-Refrom fötin
eru aðdáanleg.
Þau eru búin til
með allri varkárni
handsaumaðra klæða,
þar sem það er nauðsynlegt,
og með fullu til liti til
mismunandi vaxtarlags
í tugum nýrra sniða.

$30 til $75

FIT-REFORM

Burns & Co

291 Portage Ave.
Beint á móti Somerset Byggingunni.

591 Portage Ave.

ÞEGAR EG VERD RITSTJÓRI.

Leigu-blaða bullarinn,
Berst ég um, með sama stælu-röggi,
Þó að sæmd og sannindin
Saxist af mér, verði eg fyrir höggi.
Harður eins og hákarlinn,
Heimskulaus af tilfinningu—
Samvizkuna, söluvarning minn,
Sýsla með sem bæjarlóða veðsetningu.

Stephan G.

ISLENZKAR SKÁLDSÖGUR.

"Sýður á Keypum," og "Krossinn á Kaldaðarnesi, eftir Jón Trausta (ób.) $1.20
"Strönd in," eftir Gunnar Gunnarsson (bundin) 2.15
"Vargur í Véum," eftir sama.... 1.80
"Sálin Vaknar," Einar Hjörleifsson (bundin) 1.50
"Líf og Dauði" (fyrirlestur) E. Hjörleifsson (óbundin) .... .75

og margar fleiri bækur fást hjá Hjálmari Gíslasyni, 506 Newton Ave. Elmwood, Winnipeg (Sími St. John 724.) Skrifið eftir bókalista.

SIGURLÁN OG SPARNAÐUR.

Innan skamms verður byrjað að safna fé fyrir sigurlán Canada. Stjórnin og allir sem að því vinna skora á fólk að spara alt mögulegt í því skyni að geta því betur tekið þátt í því láni. Litill sparnaður á hverjum degi dregur sig saman þegar til lengdar lætur, t. d. 5 cent á mann á heimili á hverjum degi þar sem 5 eru í heimili eru 25 cents á dag, eða $1.75 á viku eða $21.00 á ári. Lánið á að notast til þess að borga stríðsskuldir, hjálpa heimkomnum hermönnum og fleira.

Hér með kvittast fyrir sokkagjafir til Jóns Sigurðssonar félagsins: Missionary society, Immanuel church, Wynyard, Sask., 14 pör; Mrs. Herdís Torfason, Mozart, Sask., 2 pör sokkar, 3 pör vetlingar; Mrs. Daniel Péturs son, Framnes, Man., 2 pör; Mrs. Kristiana L. Johnson, Selkirk, 1 par. Fyrir hönd félagsins þakka ég innilega fyrir þessar gjafir. Mrs. Gunni. Jóhannsson, 572 Agnes Str.

Ástríður Arnason frá Leslie biður Voröld að bera fólki í Narrows og Lundarbygðinni bezta þakklæti fyrir viðjarnlegar viðtökur og ágætar á ferð hennar þar.

Húsfrú J. Johnson frá Markerville og Frances dóttir hennar komu til bæjarins á sunnudaginn og verða hér í vetur. Gengur ungfrú Johnson á verzlunarskóla.

H. J. Halldórsson, kaupmaður, frá Wynyard, var á ferð í bænum í vikunni sem leið í verzlunar erindum.

Axel J. Vopnfjörð er orðinn kennari við Lowland skóla.

J. G. Björnsson og Magnús G. Magnússon frá Framnesi, komu til bæjarins á miðvikudaginn.

AD BYRJA

er erfiðast.

Skyldir þú vera að hugsa um að fara á verzlunar skóla, þá getur "Voröld" létt- þér -erfiðasta -sporið—byrjunar sporið.

ALDREI hefir verið eins mikil eftirspurn eftir piltum og stúlkum með verzlunar skóla þekkingu.—Þú gætir búið þig undir og notið þess.

ALDREI hefir verið borgað eins gott kaup fyrir verzlunar- og skrifstofu störf eins og einmitt nú.—Það gæti verið þinn hagnaður.

ALDREI hefir verið hægara að komast áfram—ná í beztu stöðurnar—en einmitt í dag.—Á morgun getur það verið of seint.

ALDREI hafa Islendingar verið boðin betri tækifæri—þægilegri skilmálar—en þeir sem "Voröld" býður, þeim af áskrifendum sínum, sem langar til að fara á einhvern af þessum þremur verzlunarskólum.

Dominion Business College, Winnipeg Business College, Success Business College.

Hver þessara skóla er öðrum betri.

SKRIFA EFTIR UPPLÝSINGUM I DAG.

WONDERLAND THEATRE

Miðvikudag og fimtudag
Irene Castle
í leiknum
The Girl From Bohemia

Föstudag og laugardag
Munroe Salisbury
í leiknum
"The Guilt of Silence"

STRÍÐIÐ.

Bandamenn sigra á öllum svæðum. Bulgaríumenn biðjast friðar og hætta. Talið víst að Tyrkir geri sama áður langt líður. Nú virðist draga að stríðslokum.

NÝ BÓK.

G. P. Thordarson hefir gefið út litla bók er hann nefnir "Hrópið að Ofan." Hún er prentuð hjá Hecla Press, Ltd., og verður til sölu hjá höfundinum og ymsum öðrum útit um bygðir. Bókin er trúarlegs efnis; flytur hreinan og óblandaðan kristindóm og kærleikskenningar. Ekki skyldi oss furða þótt þessi bók vekti mismunandi dóma því hún er harðorð um málamyndakristindóm og vara játningar, þar sem hugur fylgir ekki máli og kristilegar athafnir bera ekki vitni um einlægni.

Bókin er um það leyti full prentuð og verður hennar nánar minst síðar. Hún er um 50 bls. á stærð og kostar 25 cent.

Mac's Theatre

á Ellice og Sherbrook Str.
Síðasta sýning í dag (þriðjudag)
"THE WHITEMAN'S LAW"
Woman and the Webb og sömuleiðis skopleikur.
Miðvikudag og fimtudag
Harry Mercy og Billy Blythe
í sýningunni
"A GAME WITH FATE"
Eagle's Eye No. 12.
Sömuleiðis skopleikur með Fatty.
í sýnunginni
"O, DOCTOR"
Föstudag og laugardag
Enid Bennett í stærstu sýningunni í heimi
"FIGHT FOR MILLIONS" ....
og skopleikur.
Næsta mánudag
"LOVE'S CONQUEST"
í fimm þáttum.
Woman and Web Nr. 12
og skopleikur.

Halldor Methusalems

Er eini Íslendingur í Winnipeg sem selur Columbia hljómvélar og hljómplötur (records), hefur nú til sölu Íslenska, Enska, Danska, Norska og Svenska söngva. Skrifið eftir verðlistum.

Swan Mfg. Co.
676 Sargent Ave.
Sími Sh. 971. Winnipeg.

Walters Ljósmyndastofa

Frá því nú og til jóla gefum við
5x10 STÆKKAÐA MYND—$3.00 VIRÐI
okkar íslenzku viðskiftavinum

MUNIÐ EFTIR MYNDASTOFUNNI
sem Islendingar hafa skift við svo árum saman.

Walters Ljósmyndastofa, 290 Portage Ave.
Talsími Main 4725

Mikil Haustsala

MATVARA, JARNVARA, VETRARFÖT, HÚSGÖGN, O.S.FR.

Afsláttur 25 pró cent og þar yfir. Alt nýtt og ábyrgst. Nú er tíminn til þess að kaupa hvað sem er til vetrarins. Það borgar sig fyrir yður að koma og líta á vorur vorar.

Verið vissir að koma sjálfir og hafa nágranna yðar með yður.

Af öllum kaupum sem ná $10.00 og þar yfir er gefið 7½ pró cent aukreitis sem verðlaun í vörum.

Af öllum kaupum sem ná $25.00 og þar yfir 5 pró cent gefin í verðlaun.

Vér borgum hæsta verð fyrir bænda afurðir og korn.

Arborg Farmers' Supply Co.
Arborg, Man.

Vér viljum draga athygli lesenda vorra að auglýsingu Dominion skólans. Hann er einn af þeim beztu hér í Winnipeg, og hvað sumar kenslugreinar snertir óefað sá langbezti. Vér getum af eigin reynslu óhikað mælt með þessum skóla.

13. september var skotið á fólksflutningaskipið Galway Castle og því sökt. Fjöldi fólks fórst á því og þar á meðal heilar fjórar fjölskyldur.

WONDERLAND.

Madge Kennedy, Irene Castle og Monroe Salisbury eru þrjár mjög góðar leikkonur, sem allar koma fram í myndum á Wonderland nú í vikunni. Næstu viku kemur fram William Farnum í "The Hreart of a Lion;" mynd sem hefir verið tekin eftir hinni ágætu sögu Ralph Connors, "The Doctor." Einnig Bessie Love í "A Little Sister of Everybody," og margar fleiri. 12 kafli af "The House of Hate." Verið viss að sjá "Tarzan of the Apes" sem verður bráðlega sýnt á Wonderful.

DOMINION.

"Góða nótt Páll" er hin góða hreyfimynd á Dominion alla næstu viku.

Constance Talmadge sem allir muna eftir síðan hún var í "Up the Road With Sallie," leikur aðal þáttinn í "Góða nótt Páll." Með henni verða einnig tveir velþektir leikendur, Norman Kelly og Harrison Ford.

Þar verður einnig átjándi kafli úr "The Eagle's Eye."

Munið eftir Dominion leikhúsinu þegar þér viljið sjá góðar myndir.

ORPHEUM.

"Alt fyrir þjóðveldi" sýnir hvar President Wilson er látinn sitja í djúpum hugsunum og er þar brugðið hugskotsjónir hans anda þjóðhetjanna, Washington, Lincoln, Lafayette, Joan of Arc og Pershing, verður á Orpheum mánudaginn, 7. desember.

Ennfremur verður þar Walter Brown, upplestur leikari, er ber fram mjög skemtilegar kýmnissögur, flestar um giftingar.

Helen Trix, Mr. og Mrs. Gordon Wilde og Ford systurnar með fagra dansa.

Burke Earle með banjo verður þar einnig.

Góð skemtun ávalt á Orpheum.

VIDUR

BEINT FRÁ VERZLUNUM VORUM MEÐ STÓRSÖLU VERZLUNARVERÐI.

Skrifið eftir verði á viðinum komnum til yðar. Flutningsgjald greitt að þeirri stöð sem næst yður er.

Þér sparið ágóða milligöngumannsins.

FARMERS LUMBER CO.
482½ Main Str. WINNIPEG, MAN.

SÓLÖLD

Drenginn þinn langar til að eignast Sólöld eins og hina drengina sem hann þekkir.

Öll börn vilja eiga "Sólöld"

Stúlkuna þína langar til að eignast Sólöld. Hún vill læra "ástkæra, ylhýra málið."

Sólöld kostar aðeins $1 um árið

SENDID ÞENNAN MIDA I DAG

VORÖLD PUBLISHING CO., LTD.
4828½ Main St.,
Winnipeg, - Man.

Kæru herrar:—

Gerið svo vel og sendið mér blað yðar Sólöld. Hérmeð fylgir $1.00 fyrir fyrsta ársgjaldið.

Dagsetning _____

Nafn _____

Aritan _____

Dragið ekki að gerast áskrifendur Sólaldar.